Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

# Fornleifaskráning

## vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð

## Svæðisskráning



*Horft út Eskifjörð frá beitarhúsatóft í Eskifjarðarseli*

**Guðný Zoëga**
**Ragnheiður Traustadóttir**

**2004/28**

**Inngangur** ... 3
Tilgangur fornleifaskráninga ... 3
Fornleifaskráning og aðferðir ... 5
Aðferð við skráningu ... 5
Jarðanúmer ... 5
Tegund, hlutverk og heiti ... 5
Lega ... 6
Staðhættir og lýsing ... 6
Hættumat ... 6
Heimildir ... 6
Saga jarðanna og fornleifar ... 6
**Saga jarðanna og fornleifar** ... 7
Vaðlar ... 8
Karlsstaðir ... 16
Ímastaðir ... 19
Kirkjuból ... 21
Krossanes ... 26
Karlsskáli ... 37
Litla-Breiðuvík ... 60
Stóra-Breiðuvík ... 65
Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga ... 68
Helgustaðir ... 73
Sigmundarhús ... 84
Sellátrar ... 87
Högnastaðir ... 94
Svínaskálastekkur ... 98
Seljateigur ... 106
Seljateigshjáleiga ... 118
Stuðlar ... 119
**Samantekt - fornleifar í Fjarðabyggð** ... 125
**Heimildir** ... 127

**Inngangur**
Í tengslum við aðal- og deiliskipulagsgerð í Fjarðabyggð voru skráðar tólf jarðir í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að vinna slíka skráningu. Árið 1847 voru 34 jarðir í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Skráð var upp úr heimildum á 17. jarðanna, þ.e. allar minjar sem koma fyrir í heimildum skráðar en ekki skoðaðar á vettvangi (svokölluð svæðisskráning). Tólf jarðanna voru skráðar á vettvangi og fór sú vinna fram haustið 2002 og sumarið 2003. Að skráningunni komu starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga og fornleifarannsóknarinnar á Hólum í Hjaltadal, Hólarannsóknarinnar.

Skráðar voru jarðir í eða við þéttbýli þar sem mest hætta er á jarðraski. Það voru jarðirnar Svínaskáli, Lambeyri, Eskifjörður/Veturhús, Teigagerði, Bakkagerði og Kollaleira. Á Teigagerði, Bakkagerði og Kollaleiru var skráð á vettvangi það svæði sem deiliskipulag byggðar nær yfir annars voru jarðirnar svæðisskráðar. Jarðir sem eru í sérstakri hættu vegna framkvæmda voru Eskifjarðarsel/Byggðarholt en golfvöllur er í landi Byggðaholts og í landi Sels hefur farið fram malarnám auk þess sem þar hafar verið gerðar tilraunaboranir vegna hitaveitu. Jörðin Áreyjar var skráð vegna skipulagðrar skógræktar sem þar fer fram og jörðin Slétta og hjáleiga hennar Borgargerði voru skráðar þar sem þar fer fram vega- og jarðgangagerð. Býlið Borgir, hjáleiga Eskifjarðar, var skráð þar sem hún er í hættu vegna skriðufalla og einnig var skráð á Útstekk en þar var verslunarstaður á tímum einokunarverslunarinnar. Auk þess voru skráðar minjar í Helgustaðanámu þar sem silfurbergsvinnsla fór fram frá 17. fram á 20. öld en sú skráning fylgir með í svæðisskráningu jarðarinnar. Ekki voru skráðar jarðirnar Hólmar, Sómastaðir og Sómastaðagerði þar sem skráning hafði þegar farið þar fram í tengslum við umhverfismat vegna byggingar álvers.

Sérstakar þakkir færum við heimildamönnum okkar Geir Hólm á Eskifirði, fyrrverandi safnstjóra Sjóminjasafns Austurlands, ábúendum á Útstekk, þeim Sjöfn Gunnarsdóttur og Heiðberg Hjelm, Óskari Ágústsyni, Reyðarfirði, Bóas Hallgrímssyni og Sigurbjörgu Einarsdóttur frá Bakkagerði, Guðrúnu Kjartansdóttur, Áreyjum og Sigurði Baldurssyni, bónda á Sléttu. Þakkir eru og Jóhanni Zoëga sem aðstoðaði við skráningu á Útstekk og Helgustaðanámunni, Óttari Guðmundssyni, skipulagsfulltrúa, og Guðmundi Sigfússyni, forstöðumanni Umhverfissviðs Fjarðabyggðar, sem útveguðu loftmyndir af svæðinu.

Heimildavinna var í höndum Rúnu K. Tetzschner, Ingu Sóleyjar Kristjönudóttur, Ingibjargar Jónsdóttur, Önnu Rutar Guðmundsdóttur og Bryndísar Zoëga. Þór Jónsson, fréttamaður, las próförk og Hjalti Þórðarson, landfræðingur, sá um kortagerð.

**Tilgangur fornleifaskráninga**
Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

## Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minja-vörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

## Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Slétta - 158971, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 197 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði á Sléttu væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Slétta - 158204-145

## Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Sléttukrókur eða Brunnhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

**Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort í eigu sveitarfélagsins frá Loftmyndum ehf.

**Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

**Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

**Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

**Saga jarðanna og fornleifar**

Í eftirfarandi kafla er stiklað á stóru um sögu byggðar í Breiðdal auk þess sem rakin er saga hverrar jarðar í stórum dráttum. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Saga jarðanna og fornleifar

### Byggð í Reyðarfirði – ágrip

Reyðarfjörður er lengstur Austfjarða og liggur milli Krossaness að norðan en Vattarness að sunnan. Fjörðurinn klofnar í tvennt um Hólmanes og nefnist sá minni, er liggur til norðvesturs, Eskifjörður. Að fornu voru tveir hreppar í firðinum, Reyðarfjarðarhreppur að norðanverðu og Fáskrúðsfjarðarhreppur að sunnanverðu. Áramótin 1906/1907 var Reyðarfjarðarhreppi skipt upp í þrjá hreppa, Helgustaða-hrepp, Eskifjarðarhrepp og Reyðarfjarðarhrepp.[2] Þannig hélst hreppaskipting, með einhverjum breytingum hreppamarka, fram til 1998 er hrepparnir voru sameinaðir í sveitarfélagið Fjarðabyggð.

Heimildir eru fáar um fyrstu byggð í Reyðarfirði en fjarðarins er líklega fyrst getið í Landnámabók þar sem greinir frá Naddoði og mönnum hans sem náð höfðu að Íslandsströnd eftir hafvillur. "Þeir gengu upp í Austfjörðum á fjall eitt hátt ok sást um víða [...] Þar heitir nú Reyðarfjall í Austfjörðum, er þeir höfðu at komit."[3] Þrír landnámsmenn eru nefndir í Landnámabók. Fyrst er að nefna bræðurna Ævar sem nam Reyðarfjörð og Brynjólf sem nam Eskifjörð. Þeir munu þó fljótlega hafa haldið upp á Hérað og numið land þar. Þriðji landnámsmaðurinn var Krumur sem nam land í Þernunesi og Hafarnesi á suðurströnd fjarðarins.[4]

Þess mun oft getið í fornum ritum að skip hafi komið út í Reyðarfjörð og víst að þangað hefur verið siglt frá öndverðu.[5] Sagnir eru um verslun til forna við Búðareyri og verslun var í Stóru-Breiðuvík (Útstekk) á tímun einokunar í landinu. Vera kann að þangað hafi verið siglt fyrir einokunartímann en heimildir vantar.[6] Eftir einokunartímann við lok 18. aldar færðist verslun til Eskifjarðar en við lok þeirrar 19. var einnig hafin verslun á Búðareyri og Hrúteyri.

Frá upphafi hefur byggð við Reyðarfjörð, líkt og aðrar austfirskar sjávarbyggðir, grundvallast á hefðbundnum búskaparháttum auk nokkurrar sjósóknar. Myndun þéttbýlis hófst ekki fyrir alvöru í firðinum fyrr en við lok 19. aldar þegar Norðmenn hófu þar síldarútgerð.[7] Auk þéttbýlisstaðanna tveggja á Eskifirði og Búðareyri var dálítið þéttbýli út með strönd Reyðarfjarðar sunnanverðri, svokallaðri Sléttuströnd.[8] Nú eru tveir af þremur þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar í Reyðarfirði, í Eskifirði og á Búðareyri, en þéttbýlið Sléttuströnd hvarf upp úr aldamótunum 1900.

[2] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 136.
[3] Íslendingasögur I. bindi, Landnáma, I. kafli., bls. 25.
[4] Saga Reyðarfjarðar, bls. 9-10.
[5] Saga Reyðarfjarðar, bls. 52.
[6] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 101.
[7] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 121.
[8] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 170.

**Vaðlar - 155977-114**

**Saga**

Vöðlar eða Vaðlar eru skv. máldögum meðal eignajarða kirkjunnar á Kolfreyjustað árin 1397 (IV: 228) og 1570 (XV: 692). Þeir eru nefndir í Manntali 1703 og Jarðatali Johnsens 1847, ábúandi þá einn leigjandi. Jörðin komst í bændaeign um 1912 en fór úr ábúð eftir 1970.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Vaðlar eru ysta jörðin af fjórum í Vöðlavík. Víkin hét áður Krossavík en síðar er farið að kenna hana við Vaðla og virðast þeir með tímanum hafa orðið höfuðbólið. Þegar hennar er fyrst getið taldist hún 16 hundruða, 12 ær og tvær kýr, en er aðeins 6 hundruð árið 1847 og kúgildi þrjú. Landsendi er svolítil landskák út með Vöðlavík, mesti bjargræðis- og hlunnindastaður jarðarinnar. Undirlendi er grösugt, víða jarðdjúpt og ræktunargott, mýrar, valllendi og góð hagabeit. Sandströnd er fyrir víkurbotni en sæbrött klettaströnd frá Landsenda út og norður á mörk, upp frá sjó snarbrött klettahlíð. Frá Vöðlum var útræði, besta þarabeitin og aðalsvarðartekjan.
Ímastaðir og Karlsstaðir voru hjáleigur frá Vöðlum. Landamerki ná sunnan frá Gissurarklöpp við Kirkjubólsá og fylgja ánni inn í Krók inn undir Lóni. Að norðan falla þau saman við hreppamörk við Sandvík, um Selasker og Hleðslunef, nokkuð innan við Gerpisfles.

**Heimildaskrá**


Íslenzkt fornbréfasafn IV. Kmh. 1897.
Íslenzkt fornbréfasafn XV. Rvk. 1947-1950.
Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109-111.
Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag Kmh. 1897.
Íslenzkt fornbréfasafn V, 1330-1476. Hið íslenzka bókmenntafélag Kmh. og Rvk. 1899-1902.
Íslenzkt fornbréfasafn VI, 1245-1491. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1900-1904.
Íslenzkt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1903-1907.
Íslenzkt fornbréfasafn VIII, 1261-1521. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk.1906-1913.
Íslenzkt fornbréfasafn IX, 1262-1536. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1909-1913.
Íslenzkt fornbréfasafn X, 1169-1542. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1911-1922.
Íslenzkt fornbréfasafn XI, 1310-1550. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1915-1925.
Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1200-1554. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1923-1928.
Íslenzkt fornbréfasafn XIII, 1556-1561. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk.1933-1939.
Íslenzkt fornbréfasafn XIV, 1551-1567. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk.1944-1946.
Íslenzkt fornbréfasafn XV, 1567-1570. Hið íslenzka bókmenntafélag Rvk. 1947-1950.

**Fornleifaskráning fyrir Vöðla/Vaðla**

**Vaðlar 155977 114 - 1**
**Hlutverk:** Bústaður, hús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tvö hús.
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1900: „Timburhús í tótt, byggt ’22 …“ Húsið mun hafa fokið 1945.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 2**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tvö hús.
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1900: „Burstabær með stafna suður á hlað baðstofustafn með hálfþili og 2 skemmur með heilþiljuðum stöfnum. Baðstofan portbyggð með vetrarfjósi … rifin um ’22.“
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 3**
**Hlutverk:** Kirkjugarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Á seinni árum var kirkjugarður í Víkinni, en þá var bílvegurinn kominn og fámennt orðið þarna. En þessi nafnlausi, merkilegi hryggur er að ofan ber klöpp, og hallar henni upp að fjallinu og inn til landsins. Norðan við innri enda hryggsins er Víkurvatn.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980

**Vaðlar 155977 114 - 4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tveir túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi

**Vaðlar 155977 114 - 5**

**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tveir túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi

**Vaðlar 155977 114 - 6**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tveir garðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi

**Vaðlar 155977 114 - 7**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru tveir garðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi

**Vaðlar 155977 114 - 8**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1900: „Sáðgarðar 290 m2“ Einnig segir: „… ummerki sáðgarða, áveita og hringlaga nátthaga út og niður með bænum.“
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Vöðla, Helgustaðahreppi
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 9**
**Hlutverk:** Rúst
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Fornri rúst, sem Hringhóll heitir neðst í túni, fylgir sú sögn, að leifar séu af bæ Þorleifs kristna. Glögg merki um vegghleðslur, ókannað.“

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 10**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Auk áðurnefndra verksummerkja á Landsenda 2 myllutættur við Beljandann, báðar í notkun fram yfir aldamót …“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 11**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í örnefnalýsingum Vilhjálms segir: „Vestan og sunnanvið Náttmálahnúk er Vaðlavíkurheiði, aðalvegurinn milli austurstrandar Reyðarfjarðar og Vaðlavíkur.“
Í viðbótum Eiríks Björnssonar segir: „Ég fór einu sinni til Hellisfjarðar í réttir og fór þá norður af Víkurheiði, utan við Náttmálahnúk, og kom þá niður í Kvígindisdal í Hellisfirði, fljótfarin og greið leið.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 12**
**Hlutverk:** Beitarhús, fjárborg
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Landsendi er dálítið undirlendishorn út með víkinni að norðan. Landskák þessi var mesti bjargræðis- og hlunnindastaður jarðarinnar. Þar voru beitarhús til búsetuloka og fjárborgir fyrrum.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85

**Vaðlar 155977 114 - 13**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Útræði var þar frá Vaðlahöfn, allgóðri lendingu í vari, þar var besta þarabeitin og aðalsvarðartekjan. Aftur á móti er þar snjóflóðahætt.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 85.

**Vaðlar 155977 114 - 14**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þá kemur næsta fjall, sem nefnt er Húsadalsfjall, og þar næst Húsadalur.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 15**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Suður af Haugöxl er hæð, sem varða hefur verið hlaðin á, Illugavarða. Frá henni sést heim á alla bæi í Vaðlavík og inn á Vaðlavíkurheiði.“
**Heimildaskrá**
Einar Guðmundsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1979.

**Vaðlar 155977 114 - 16**
**Hlutverk:** Tröll
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Næst Húsdalnum erÝmutindur, þá Ýmudalur … Þá er í svokallaðri Urðarbotnsbrún lítil gjá niður í jörðina, sem nefnd er Ýmugat. Þar átti tröllkonan Ýma að hafa átt heima, sem dalurinn dregur nafn af.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 17**
**Hlutverk:** Dys
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Vestan við Ímudal er Karlsstaðafjall, og þar næst kemur Dysjardalur og af lágu skarði milli hans og Viðfjarðardals, sem nefnt er Dys. Þar á háskarðinu er haugur, sem í eiga að vera dysjaðir 18 Spánverjar“.
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 18**
**Hlutverk:** Frásögn
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Á heiðarlandinu Haugum eru þrjú vötn; Stóravatn og Litlavatn sem eru nálægt hvort öðru og Grænavatn sem er norðan undir Náttmálahnjúki. Í Grænavatni á nykur að hafa búið.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 19**
**Hlutverk:** Frásögn
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þegar kemur inn í Vatnsbotn, verða grundirnar blautlendar, eins og allur Vatnsbotninn, en blautastur er hann næst vatninu, um og austan við það, þar sem vegurinn liggur út á Vatnshrygg; það var einmitt þar, sem reimleiki var hvað mestur þar um slóðir og Simbu eða Simba kennt um.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980

**Vaðlar 155977 114 - 20**
**Sérheiti:** Líkhellir
**Hlutverk:** Hellir
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Vestan við vatnið [Víkurvatn] er klettahryggur, í þessum klettahrygg er hellisskúti, Líkhellir. Mér hefur verið sagt, að þegar Vaðlavík átti kirkjusókn að Hólmum í Reyðarfirði, hafi eitt sinn verið farið með líkkistu til greftrunar úr Vaðlavík og [mennirnir] fengið svo vont veður, að það varð að skilja kistuna eftir í Líkhelli, og fóru þeir til Vaðlavíkur aftur. Sagt hefur mér verið, að veðrið hafi staðið lengi.“(EG).
Í athugasemdum og viðbótum Eiríks Björnssonar segir: „Handan við lækinn er klettahryggur sá, er Einar Guðmundsson (sjá heimildaskrá) talar um og enginn virðist þekkja nafn á. Hryggurinn minnir mig byrja úti undir Skarði og liggur samhliða Eggjum, hæstur yst og lækkar, eftir því sem innar dregur, og endar inni undir Vatnsbotni. Norðan í hryggnum er klettabelti, ekki þó samfellt; gæti verið stuðlaberg, hvergi meira en eitt berglag. Undir því er móbergslag, sem hefur veðrazt meira, svo í því verða skútar og skot, og er Líkhellir eitt þeirra. Hellir er rangnefni. En það er lélegur skúti, sem ekki er betri en úti, og sagan um líkflutninginn er sönn og merkileg.“
**Heimildaskrá**
Einar Guðmundsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1979.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980

**Vaðlar 155977 114 - 21**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Upp frá sjó og utan við Landseta er snarbrött klettaströnd út og norður á mörk frá Landsenda er snarbrött klettahlíð með Vöðlaskriðum milli kletta og sjávar, en ofan við klettana Gerpisdalur með stefnu suðvestur-norðaustur og leið til Sandvíkur um Gerpisskarð.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 84

**Vaðlar 155977 114 - 22**
**Sérheiti:** Vindháls
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Vestan við Dys hækkar landið aftur, og er sá klettaháls nefndur Dysjaröxl eða Vindháls, en hlíðin vestan við allan Dysjardal er nefnd Langahlíð. Sléttan ofan á Dysjaröxlinni er nefnd Vindháls, og um hann var fyrr á tíma allfjölfarinn vegur milli Vaðlavíkur og Hellisfjarðar.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 23**
**Sérheiti:** Vaðlavíkurheiði
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Vilhjálmur Jónsson segir: „Vestan og sunnanvið Náttmálahnúk er Vaðlavíkurheiði, aðalvegurinn milli austurstrandar Reyðarfjarðar og Vaðlavíkur.“
Í viðbætum Eiríks Björnssonar segir: „Ég fór einu sinni til Hellisfjarðar í réttir og fór þá norður af Víkurheiði, utan við Náttmálahnúk, og kom þá niður í Kvígindisdal í Hellisfirði, fljótfarin og greið leið.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 24**
**Sérheiti:** Víkurheiði
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

„Víkurheiði er ekki hár fjallvegur og mjög greiðfær að sumri. En að vetrinum var þar talið veðrasamt og villugjarnt, ef dimmviðri var, og Víkurmegin mjög snjóþungt. Enn er bílvegur fær í Víkina og enn yfir Dys í Viðfjörð.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980

**Vaðlar 155977 114 - 25**

**Sérheiti:** Tregaskarð

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild 465

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingum Vilhjálms Jónssonar segir: „Þá er næsti dalur nefndur Tregadalur og upp úr honum skarð í fjallgarðinn, sem nefnt er Tregaskarð, fjölfarin leið á sínum tíma milli Vaðlavíkur og Sandvíkur.“

Í Sveitum og jörðum segir: „Innar er þó aðalleið milli víknanna um Tregaskarð upp úr Tregadal innan við Skúmhött, erfið leið eins og nafn bendir til og liggur milli tveggja kerlinga, sem standa eilífan vörð á eggjum.“

„Kerlingar tvær eru í Tregaskarði, af því er það líka kallað Kerlingaskarð. Þar var tregt um að ganga af mönnum, sem báru bagga á baki.“(SE).

**Heimildaskrá**

Stefán Einarsson: Viðauki við örnefnalýsingu Vaðlavíkur.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 84

Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 - 26**

**Sérheiti:** Viðfjarðarvegur

**Hlutverk:** Vegur

**Tegund:** Heimild 465

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: „Þar liggur þvert fyrir innanverða víkina Viðfjarðarvegur norður Lönguhliðarbrúnir innan við Dysjardal og á hávarpinu við Viðfjörð Dysin (sjá Viðfjörð), heldur ólögulegt grjóthrúgald og virðist ekki hafa bæst við hana grjót upp á síðkastið.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 84.

**Vaðlar 155977 114 - 27**

**Sérheiti:** Karlsskálaskarð

**Hlutverk:** Vegur

**Tegund:** Heimild 465

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

„Smáir tindar austan við það síðarnefnda [Hesthaus] heita folöld og þar næst skarð, sem nefnt er Karlsskálaskarð, vegur milli Vaðlavíkur og Karlsskála á strönd Reyðarfjarðar.“

**Heimildaskrá**

Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Vaðlar 155977 114 – 28**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild 465
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Niður af því [Heiðarvarpi] eru grasi grónar brekkur, í þeim er hjalli, og segir E.B., að hann heiti Heiðarbotn. Um hann liggur vegurinn niður Vatnsbotn, allvítt svæði inn af Víkurvatni og Vatnshlíðum (svo), en þær eru norðan undir Eggjum eða norðurhlíðar þeirra.“
**Heimildaskrá**
Einar Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980.

**Karlsstaðir 155964-115**

**Saga**
Karlsstaða er fyrst getið í manntali frá 1703. Karlsstaðir er innsti bær í Vöðlavík, norðan Kirkjubólsár. Jörðin er nú í ríkiseign en var upphaflega kirkjueign og hjáleiga frá Vöðlum.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Karlsstaðir töldust 6 hundruð að dýrleika og voru góð bújörð. Ræktunarskilyrði á jörðinni eru góð. Engjar eru grasgefnar og beitiland er gott en snjóþungt er á vetrum. Upp af túnum eru hlíðar Karlsstaðatinds sem trónir ofan við bæinn. Jörðin er í heildina ekki brattlend en land er mishæðótt, hólar, melar, þurrt og hart graslendi, hálfdeigjur og lyngmóahöll með lágu birkikjarri. Mörk við Kirkjuból eru við vörðu á Innra-Heiðarvarpi, sjónhending er þaðan í Ytra-Heiðarvarp. Síðan liggja mörkin með lækjarsytru niður í Innri-Vatnsbotn og áfram eftir hraunbrún frá vatninu í Kirkjubólsá, sem síðan deilir löndum Karlsstaða og Kirkjubóls út að mörkum við Ímastaði. Landamerki við Ímastaði eru við Kirkjubólsá sem skiptir löndum inn í Hellisárhyl. Á Karlsstaðamörkum eru auk hylsins kennileitið Dýjahvammur og efst á mörkum hátindur Karlsstaðafjalls.

**Heimildaskrá**
Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 374.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 87-88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 1**
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: “Gamall torfbær, baðstofa um 3 rúmlengdir, skarsúð.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 2**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Gamall torfbær, baðstofa um 3 rúmlengdir, skarsúð.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 3**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti eru líklega þrjú hús.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsstaða, Helgustaðahreppi.

**Karlsstaðir 155964 115 - 4**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er a.m.k einn garður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsstaða, Helgustaðahreppi.

**Karlsstaðir 155964 115 - 5**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti virðast túngarðar vera þrír.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsstaða, Helgustaðahreppi.

**Karlsstaðir 155964 115 - 6**
**Hlutverk:**Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: Sáðgarður 120 m2.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 7**
**Hlutverk:** Kuml?
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Tveir túnhólar, sem virtust mannaverk. Þeir stóðu í þýfi, en þó slétt í kring um þá, sem gaf til kynna, að jarðvegur hefði þar verið tekinn í hólana. Sagnir um, að maður væri heygður í öðrum, en hestur í hinum."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 8**
**Sérheiti:** Hnaushús
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Vegruðningurinn út í Vöðlavík liggur af Viðfjarðarvegi rétt utan við Þverá í Hnausbrekkunum. Á þeim slóðum stóðu beitarhús, Hnaushús kölluð."

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 9**
**Hlutverk:** Mótekja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: Lítið mótak, léleg torfrista.
Grasatekja á Haugunum og svarðartekja í túni.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Karlsstaðir 155964 115 - 10**
**Hlutverk:** Landamerki, varða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Mörkum við Ímastaði er lýst þar, en við Kirkjuból eru mörk við vörðu, gömlum gönguvísi, á Innra-Heiðarvarpi, sjónhendingu þaðan í Ytra-Heiðarvarp…"

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 87.

**Karlsstaðir 155964 115 - 11**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Vegruðningurinn út í Vöðlavík liggur af Viðfjarðarvegi rétt utan við Þverá í Hnausbrekkunum."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 88.

**Ímastaðir - 182057-116**

**Saga**
Ímastaðir eru upphaflega kirkjueign og hjáleiga frá Vöðlum. Hún var komin í bændaeign 1918 en er nú í einkaeign. Á Ímastöðum var tvíbýli og skiptist jörðin um Ímastaðaá og er talað um Ímastaði ytri og fremri. Þeirra er fyrst getið í Jarðatali Johnsens 1847. Jörðin fór í eyði 1968.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Bæði undirlendi og brekkur eru gróðursælar og búskaparskilyrði eru góð á jörðinni. Engjar þóttu góðar og hagfelldar til ræktunar að stórum hluta. Talsverð snjóþyngsli eru að jafnaði en annars er gróður fjölbreyttur og beitiland gott fyrir alla gripi. Ímastaðir eru mitt á milli Karlsstaða og Vöðla. Landamerki við Vöðla eru úr Gissurarklöpp sem er sunnan við Lónið, þaðan sjónhending í Leiti norðan Lóns og þaðan beint í há-Ímatind, sem er utan við Ímadal og svo suður undan Einstakafjalli inn af Sandvík. Að sunnan skiptir Kirkjubólsá löndum inn í Hellisárhyl. Á Karlsstaðamörkum eru auk hylsins kennileitið Dýjahvammur og efst á mörkum hátindur Karlsstaðafjalls.
**Heimildaskrá**
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 374.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III; 1976. Bls. 86-87.

**Ímastaðir 182057 116 - 1**
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti sjást tveir bæir.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Ímastaða, Helgustaðahreppi.

**Ímastaðir 182057 116 - 2**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Á ytri bænum byggt járnklætt timburhús tveggja hæða í stað torfbæjar um ’25, 130 m2.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 86.

**Ímastaðir 182057 116 - 3**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti sjást tveir garðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Ímastaða, Helgustaðahreppi.

**Ímastaðir 182057 116 - 4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti markar fyrir einum túngarði.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Ímastaða, Helgustaðahreppi.

**Ímastaðir 182057 116 - 5**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að sáðgarðar hafi verið 320 m2.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 86.

**Ímastaðir 182057 116 - 6**
**Hlutverk:**Mótekja, torfrista
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að mótak hafi verið lélegt en torfrista allgóð.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 86.

**Ímastaðir 182057 116 - 7**
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að sjósókn hafi verið frá Vöðlahöfn.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 86.

**Ímastaðir 182057 116 - 8**

**Sérheiti:** Svínahellir
**Hlutverk:** Hellir
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Botninn neðan við brúnina [Dysjardalsbrún sem Dysjardalsáin fellur fram af] heitir Svínabotn, og í honum, vestan við ána, er lítill klettaskúti, sem nefndur er vínahellir."
**Aðrar upplýsingar**
Um athugasemdir Eiríks Björnssonar segir: „Hann veit ekki til, að sagnir séu um svínabúskap, sbr. Svínabotn og Svínahelli, en Guðmundur Guðnason, bóndi á Kortsstöðum, sagði honum, að jarðvegur í Svínabotni væri ótrúlega frjór."
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957.
Eiríkur Björnsson: Athugasemdir og viðbætur við Örnefnalýsingu Vöðlavíkur.

**Kirkjuból 1 og 2 - 155965-117**

**Saga**
Jarðarinnar er fyrst getið í Stephans máldögum 1491-1518, þar er sagt frá því að séra Hallur Magnússon gefur kirkjunni hálfa jörðina Kirkjuból í Reyðarfirði til ævinlegrar eignar og geldur henni hinn helminginn í porcionem. Jörðin tilheyrir þá Skorrastöðum í Norðfirði. Kirkjubóls er einnig getið í Biskupasögum. Jörðin er enn í eign kirkjunnar þegar Jarðatal Johnsens var gert 1847 en er komin í ríkiseign þegar manntalið var tekið 1918. Árið 1932 voru á Kirkjubóli tvö býli, annað í einkaeign en hitt í sjálfsábúð. Árið 1942 voru bæði býlin í sjálfsábúð. Kirkjuból átti allt land sunnan Kirkjubóls og var annað aðalbýlið í Vöðlavík. Í Sveitum og Jörðum kemur fram að líklegt sé talið að jörðin sé landnámsjörð og hafi verið bær Þorleifs kristna. Einnig er talið líklegt að kirkja hafi verið byggð snemma á öldum og jörðin nefnd eftir henni. Músalækur var afbýli frá Kirkjubóli og stóð inni í vík utan við sjálfan lækinn með sama nafni, nýbýlið Þverá var á svipuðum slóðum.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Kirkjuból taldist 9 hundruð að dýrleika árið 1847 með eitt kúgildi. Bærinn stendur tæplega kílómetra inn af ósi Kirkjubólsár. Bærinn og túnið standa á ysta hluta landsins

í aflíðandi hlíðum niður af Svartafelli og Múla. Bærinn stendur á hól utan við innri bæjarlækinn sem skiptir sér ofar í brekkunni og heita kvíslarnar sín hvorum megin við bæinn Nautalækir. Inn af bænum eru Nautamýrar, stykki hentugt til ræktunar. Innst í Nautamýrum er grafreitur Vöðlvíkinga. Kirkjuból er góð bújörð, tún slétt og engjarnar grasgefnar. Beitiland er gott, gróður fjölbreyttur og skilyrði til ræktunar góð. Birki er neðan við Selhjalla innst í Múlanum og lynggróður er víða í hlíðum. Helstu hlunnindi voru silungur, bæði í árósnum og Víkurvatni, grastekja í Hnausnum neðan Sauðatinds, mótekja og útræði. Fremur lítið var um reka. Kirkjuból átti allt land sunnan Kirkjubólsár, af hæsta stað á Víkurheiði og út með skriðu- og klettaströnd utan við Múla að fornum grjótgarði Kirkjubólsmegin við Biðugil. Kirkjubólsá skiptir löndum Karlsstaða og Kirkjubóls.

**Heimildaskrá**

Íslenzkt fornbréfasafn VII. Rvk. 1170-1505. Bls. 28.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89-90.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 1**
**Sérheiti:** Kirkjuból
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Bæjarlækurinn kemur úr fremur brattlendu dalslöðri milli Svartafells og Múla, skiptir sér uppi í brekkum, og heita kvíslarnar sín hvorum megin bæjar Nautalækir. Bærinn stendur á Hóltungu utan við innri lækinn, þar inn af Nautamýrar, gott stykki til ræktunar …“
Kirkjuból er meðal annars afmarkað af fornum grjótgarði, við Biðugil.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 2**
**Hlutverk:** Bænhús, kirkja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þar sem Kirkjubólsá fellur í sjó, nefnist Kirkjubólsós. Út í hann liggja tvær klappir, nefndar Gissurarklappir. Utar með sjónum er svo Rekabás, þar næst Kirkjubólshöfn og suður frá henni Gunnarsfjara og þar næst Selvogur.“
Í Sveitum og jörðum segir: „Séra Hallgrímur Jónsson segir í sóknarlýsingu 1843, að kirkja og bænhús hafi verið í Vöðlavík og eigi Kolfreyjustaðaprestur að hafa rifið hana og ætlað að flytja viðina heim til sín, en farist á leiðinni með farminum. Þar er Bænhúshóll örnefni í túni að sögn séra Sigurðar Gunnarssonar (Safn til sögu Ísl. II, 469) … Líklegt má þó telja, að kirkja hafi verið byggð snemma á öldum og jörð nefnd þar eftir og að hún sé landnámsjörð og bær Þorleifs kristna.“
**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsng Vöðlavíkur. 1957

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 3**
**Hlutverk:** Grafreitur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Grafreitur Vöðlvíkinga er innst í stykkinu [Nautamýrum] og fjárréttin innar undir Hellraklettum."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 4**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að þarna hafi verið „grjóttorffjárhús".
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 5**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Neðan við bæ er Bæjarfjara, og undir Hagahrauni er Hlöðubás."
**Heimildaskrá**
Einar Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 6**
**Sérheiti:** Músalækur
**Hlutverk:** Beitarhús, býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum Vilhjálms segir: „Nokkuð utar í fjallinu er hraunklettur, nefndur Gráhraun. Niður frá því fellur lítill lækur, nefndur Músarlækur, og var þar á flötunum niður við Kirkjubólsá samnefnt býli til forna. Nú eru þar beitarhús frá nýbýlinu Þverá."
Samkvæmt Sveitum og jörðum er „Afbýlið Músalækur [er] inni í vík utan við samnefndan læk og þar glöggar menjar túns og rústir húsa. Á svipuðum slóðum var nýbýlið Þverá."
**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 89.
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 7**
**Hlutverk:** Beitarhús, býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Höfnin er um 1,5 km utan við bæ og þar merkt eyðibýli á korti, en ekki getið búsetu í þeim heimildum, sem hér eru tiltækar. Hins vegar voru þar sjóhús og beitarhús, og vel má vera, að þar hafi verið afbýli um eitthvert skeið.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 8**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Útihús voru úr torfi og grjóti undir járni, aðalfjárhúsin á gamla eyðibýlinu Músalæk og túnspilda einnig þar.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 90

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 9**
**Sérheiti:** Þverá
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Hellisá kemur fram úr áðurnefndum Nónbotnum. Utan við hana er nýbýlið Þverá.Þverá var sameinuð Kirkjubóli á ný 1963.
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 10**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Í Kirkjubólsskriðum er Breiðagil (eða Merkigil). Síðan er Merkigarður. Skammt sunnan hans, í landi Krossaness, er garðbrot og gil, sem heitir Biðugil.“
**Heimildaskrá**
Einar Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 11**

**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Kletturinn þar fyrir utan [Þverá] nefnist Hellraklettur; neðan undir honum er fjárrétt umgirt frá náttúrunnar hendi af stórgrýti að mestu.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 12**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Eftir Hvalfjöru og Hvalþúfu kemur Eiði og Eiðisfjara. Þar var lending í Krossanesi.
**Heimildaskrá**
Einar Björnsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 13**
**Hlutverk:** Mótekja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að mótak hafi verið gott fjarri bæ en torf lélegt. Mótekjan hafi verið á Selhjalla og Nautamýrum.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 14**
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Klettabrúnin upp af Kirkjubólsbænum heitir Votuklettar. Hjallinn ofan við þá heitir Selhjalli.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957.

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 15**
**Sérheiti:** Hlautbolli
**Hlutverk:** Skál
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að 1920-1930 hafi komið úr uppgreftri steinn með íhvolfri skál, talinn hlautbolli en ekki útskýrt nánar.

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 16**
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Kirkjubólsmegin við skriðurnar [Kirkjubólsskriður] er útróðrastaðurinn Kirkjubólshöfn með dálitlu vari við tanga, en óöruggri lendingu.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 17**
**Hlutverk:** Fjallagras
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að grastekja hafi verið í Hnausnum neðan við Sauðatind.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 89

**Kirkjuból 1 og 2 155965 117 - 18**
**Sérheiti:** Eiríkshellir
**Hlutverk:** Hellir
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Í hlíðinni neðan við hann [Mýrarhjalla] er lítill klettaskúti, sen nefndur er Eiríkshellir, og er sagt, að hann beri það nafn af því, að þar hafi einhvern tíma verið falinn sakamaður, sem Eiríkur hafi heitið.“
**Heimildaskrá**
Vilhjálmur Jónsson: Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957

**Krossanes - 155966-118**

**Saga**
Krossanes er ysti bærinn á norðanverðum Reyðarfirði. Jörðin var eign Þingmúlakirkju og síðar Vallaneskirkju en er núna ríkiseign. Aðflutningur landleiðina var erfiður því á aðra hönd eru Kirkjubólsskriður en hina Karlsskálskriður. Sjóleið var um opið haf og lending slæm og því aðeins hægt að nota litla báta sem draga mætti á land. Hins vegar var beitiland snjólétt og skjólgott og fiskimið góð. Jörðin hélst í byggð til 1944 en þangað kom hvorki akvegur, rafmagn né vélknúin tæki.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var ábúandi einn en jarðardýrleiki níu hundruð og tvö kúgildi. Í Búskaparannál 1917 er eitt býli á jörðinni, tún 2,55 ha., taða 70 hb. og úthagi 60 hb. Hæfileg áhöfn tvær kýr, tveir hestar og 150 fjár. Hlunnindi á jörðinni voru reki og útræði en vegna erfiðrar lendingar var einungis hægt að nota árabát.
Krossanes liggur að Kirkjubóli annars vegar og Karlsskála hins vegar. Landamerkin við Kirkjuból eru hlaðinn grjótgarður á milli fjalls og fjöru en að ofan fylgja þau frambrúnum fjalla. Við Karlsskála eru mörkin innan við Hauga, við Merkigil, og við Haugatanga.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 91-93.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 374.

**Krossanes 155966 118 - 1**
**Sérheiti:** Krossanesbær
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er eitt hús.
Á örnefnalýsingakortum eru merktar inn íbúðarhúsatóftir.
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Hús: Íveruhús við búsetulok ’44 voru að stofni til komin ’14, en breytt og byggt við nokkrum sinnum, þekjur t.d. járnklæddar, byggt stofuhús með flötu þaki framan við baðstofu ’22 eða ’23 og þá steyptur skemmuveggur. Baðstofa 12x5 álnir, alþiljuð, þrískipt uppi. Timburhús utan við baðstofu um 6x5 álnir, uppi tvískipt, niðri eldhús, lítil stofa o.fl.”
Í örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Suður úr Hvalþúfunni gekk klöpp. Vestan við hana voru flúðir, sem enduðu við vog, sem kallaður var Eiði og var aðallendingarstaður við Krossanes. Upp af þessu Eiði stóð Krossanesbærinn, og á fjörukambinum voru fiskhús.” Samkvæmt Örnefnalýsingum Eiríks Björnssonar er Krossanestúnið utan við  Hagahraun. Bærinn stóð þar skammt frá sjó.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Krossaness, Helgustaðahreppi
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 12.
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.

**Krossanes 155966 118 - 2**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er líklega einn túngarður.
Á örnefnalýsingakortum er túngarður merktur inn.
**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Krossaness, Helgustaðahreppi
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 6.

**Krossanes 155966 118 - 3**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er líklega einn garður, 117 m2.
Á örnefnalýsingakortum eru merktur inn kálgarður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Krossaness, Helgustaðahreppi
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr.13.

**Krossanes 155966 118 - 4**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er vegur.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Krossaness, Helgustaðahreppi

**Krossanes 155966 118 - 5**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á örnefnalýsingakortum er merkt inn hlaða á milli Brunnhúss, túns og íbúðarhúsatótta. Utar er Skipabót. Þessi hlaða virðist ekki koma fram í öðrum lýsingum.
**Heimildaskrá**
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 10.

**Krossanes 155966 118 - 6**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á örnefnalýsingakortum er móhús merkt inn.
**Heimildaskrá**
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 3, nr. 1 og 6.

**Krossanes 155966 118 - 7**
**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Fjárrétt úr grjóti við Kvíaklett ofan við tún.” Í örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Upp af bænum var fjárrétt undir fallegum kletti, sem kallaður var Kvíaklettur, og var þar réttað til að rýja féð o.fl.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92..

**Krossanes 155966 118 - 8**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum Páls segir: „Upp af bænum var fjárrétt undir fallegum kletti, sem kallaður var Kvíaklettur, og var þar réttað til að rýja féð o.fl. Vestur af réttinni, ofan við Fálkaklett, var svokallað Hólatún. Vestast í því var fjárhús, hesthús og, að mig minnir, hlaða.” Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar fjárhúsin eru.
**Heimildaskrá**
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 4.
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.

**Krossanes 155966 118 - 9**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Upp af bænum var fjárrétt undir fallegum kletti, sem kallaður var Kvíaklettur, og var þar réttað til að rýja féð o.fl. Vestur af réttinni, ofan við Fálkaklett, var svokallað Hólatún. Vestast í því var fjárhús, hesthús og, að mig minnir, hlaða,” segir í örnefnalýsingu Páls Guðmundssonar. Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar hesthúsið er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr.3.

**Krossanes 155966 118 - 10**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Örnefnalýsing Páls Guðmundssonar segir: „Upp af bænum var fjárrétt undir fallegum kletti, sem kallaður var Kvíaklettur, og var þar réttað til að rýja féð o.fl. Vestur af réttinni, ofan við Fálkaklett, var svokallað Hólatún. Vestast í því var fjárhús, hesthús og, að mig minnir, hlaða.” Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar hlaðan er.
**Heimildaskrá**

Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 5.

**Krossanes 155966 118 - 11**
**Hlutverk:** Reykhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar er klettabelti í túninu austur af bænum, kallað Einbúi. Það er að mestu leyti grasi gróið. Við vesturenda þess var reykhús, þar sem kjöt var reykt, en við austurendann var fjárhús. Á korti sem fylgir örnefnalýsingunni kemur fram hvar Reykhúsið er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 3.

**Krossanes 155966 118 - 12**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Austur af bænum, í túninu, var klettabelti, að mestu leyti grasi gróið. Við vesturenda þess var reykhús, þar sem kjöt var reykt, en við austurendann var fjárhús. Klettabelti þetta var kallað Einbúi.”
Á korti sem fylgir örnefnalýsingunum kemur fram hvar fjárhúsið er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 6.

**Krossanes 155966 118 - 13**
**Sérheiti:** Brunnhús
**Hlutverk:** Hús,vatnsból
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Skammt niður af fjárréttinni var uppsprettulind, sem aldrei fraus. Var hún leidd í skurði að litlu húsi, sem byggt var yfir smárennu (tréstokk). Þetta hús var kallað Brunnhús. Í þessu húsi var alltaf hægt að ná vatni, hvað mikið sem frostið var. Þarna var einnig skoluð ull, þegar hún var þvegin, afvatnaður saltfiskur o.fl.” Á korti sem fylgir örnefnalýsingunum kemur fram hvar Brunnhúsið er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 9.

**Krossanes 155966 118 - 14**
**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnalýsingum segir: „Austan og neðan við bæinn voru fjárhús og hlaða, og nokkru neðar, á malarkambinum, var sjóhús til að salta í fisk, beita línu o.fl. Upp að því voru bátarnir settir til vetursetu og stundum upp að fjárhúsum.”
Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar fjárhúsin eru.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 1.

**Krossanes 155966 118 - 15**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Austan og neðan við bæinn voru fjárhús og hlaða, og nokkru neðar, á malarkambinum, var sjóhús til að salta í fisk, beita línu o.fl. Upp að því voru bátarnir settir til vetursetu og stundum upp að fjárhúsum.”
Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar hlaðan er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 3.

**Krossanes 155966 118 - 16**
**Hlutverk:** Mótekja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á örnefnalýsingakortum er mótekja merkt inn.
**Heimildaskrá**
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 3, nr. 2 og 4.

**Krossanes 155966 118 - 17**
**Hlutverk:** Tún
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Utan við Hagahraun er Krossanestúnið.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.

**Krossanes 155966 118 - 18**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Grjótgarður tvíhlaðinn umhverfis tún, grjótgarður á ytri mörkum og annar spöl innar.” Árið 1918-’19 mun Elís Sigurðsson hafa stækkað túnið nokkuð út og upp og hlóð þar grjótgarð.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 19**
**Hlutverk:** Skurður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Skurðir nokkrir handgrafnir, m.a. 2 lokræsi hjá Elísi.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 20**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Vík innan við Vatnsfjöruklöppina var kölluð Vatnsfjöruvík eða Vatnsvík, og var hún nokkuð breið. Næst klöppinni voru flúðir, síðan smábelti, sandur og fjörumöl. Þar var oft þrautalending, þegar annað var ófært.” Á örnefnalýsingakortum er Vatnsfjöruklöpp merkt inn. Samkvæmt lýsingum Eiríks Björnssonar segir: „Í vikinu innan við tangann, [Vatnsfjörutanga] yst í fjörunni, [Vatnsfjöru] er líflending á Krossanesi. Þar er fjaran sendin og slétt, en eftir því sem vestar dró, varð fjaran stórgrýttari.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 13.

**Krossanes 155966 118 - 21**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Utan við Hagahraun er Krossanestúnið. Þar stóð bærinn skammt frá sjó, og þar niður af var önnur lending, líklega í Bæjarfjöru. Stutt var að fara inn yfir Hraunið í Vatnsfjörulendinguna; víða [er] lengri sjávargata, svo [að] aðstaða mátti heita góð, en eins og víðar á útkjálkajörðum mannfrekt.” Á örnefnalýsingakortum er Vatnsfjara merkt inn.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.

Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 15.

**Krossanes 155966 118 - 22**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Innan undir Hlöðubásklöpp var lítil fjara undir háum kletti, og var hún kölluð Hlöðubás eftir hlöðu, sem stóð þar á bakkanum ásamt fjárhúsi.” Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar fjárhúsin eru.
Samkvæmt Sveitum og jörðum voru á undirlendinu, einkum utan við bæ, dálitlar slægjur á mýrlendi utan við túnið, og á harðvellisbletti utan við mýrina fjárhús og túnblettur, kallað „á Bökkunum”, um 10 mínútna gang heiman frá bænum.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 16.

**Krossanes 155966 118 - 23**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Innan undir Hlöðubásklöpp var lítil fjara undir háum kletti, og var hún kölluð Hlöðubás eftir hlöðu, sem stóð þar á bakkanum ásamt fjárhúsi.”
Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar hlaðan er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 17.

**Krossanes 155966 118 - 24**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Í Bæjarfjöru innan við Hundasnagann var annað uppsátur í vog í nokkru vari af Bæjarklöpp og Lönguklöpp, en hitt utan við klöppina við Eiði, og stóð þar sjóhúsið við lítinn vog. Þarna eru straumköst og óhrein bátalending.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 25**
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Í Bæjarfjöru innan við Hundasnagann var annað uppsátur í vog í nokkru vari af Bæjarklöpp og Lönguklöpp, en hitt utan við klöppina við Eiði, og stóð þar sjóhúsið við lítinn vog. Þarna eru straumköst og óhrein bátalending.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 26**
**Hlutverk:** Fiskiðnaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Suður úr Hvalþúfunni gekk klöpp. Vestan við hana voru flúðir, sem enduðu við vog, sem kallaður var Eiði og var aðallendingarstaður við Krossanes. Upp af þessu Eiði stóð Krossanesbærinn, og á fjörukambinum voru fiskhús.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990

**Krossanes 155966 118 - 27**
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Örnefnalýsing Páls Guðmundssonar segir: „Austan og neðan við bæinn voru fjárhús og hlaða, og nokkru neðar, á malarkambinum, var sjóhús til að salta í fisk, beita línu o.fl. Upp að því voru bátarnir settir til vetursetu og stundum upp að fjárhúsum.”
Á örnefnalýsingakortum kemur fram hvar sjóhúsið er.
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 4.

**Krossanes 155966 118 - 28**
**Hlutverk:** Reiðgata
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Upp frá Vatnsfjörutanga, í beinu framhaldi, gengur Hagahraun allt upp að brekkunni. Reiðgatan lá í brekkufætinum og út fyrir ofan Hagahraun.
Á örnefnalýsingakortum má sjá hvar Hagahraun er.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 2, nr. 1.

**Krossanes 155966 118 - 29**
**Hlutverk:** Fjárborg
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar kemur fram að „[u]pp af Innri-Vatnsfjörubökkum er fjárborg eða fjárrétt, sem hlaðin er úr torfi og grjóti og kölluð var Stekkur, sennilega notuð við fráfærur á fyrri tímum. ég man ekki eftir, að þar væri réttað, en fé stóð þar oft inni í illviðrum.” Samkvæmt Örnefnaskrá Stefáns Einarssonar segir: “Inn af Innri-Vatnsfjöru er mikil fjárborg eða stekkur, hringmynduð, kölluð Stekkur eða Fjárborg.”
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir: „Á Stekk, einnig innan við bæ, er gömul fjár-borg fyrir um 100 fjár, fagurlega hlaðin úr stórgrýti …”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Krossaness.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 30**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Skammt austan við fjárborgina (nr.27) er leiti, sem á stendur stór steinn, sem kallaður var Óblauður. Upp af Óblauð er göngugjót, sem hægt er að fara upp á Krossanesmúla, sem er upp af Krossanesbæ. Þegar farið er upp gjótuna, er hægt að fara upp í Sauðavallakinn og eins upp á Sauðavelli undir Sauðatindi, og er maður þá kominn í land Kirkjubóls. Í þessari göngugjót er gataklettur. Þegar Páll var á Krossanesi, var heyjað uppi á Sauðavöllum og heyinu rennt niður á streng, sem festur var í stein niður á láglendi. Sauðavellir sjást frá Krossanesi.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.

**Krossanes 155966 118 - 31**
**Hlutverk:** Hellir
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Niður af Kálfavöllum er Kálfavallatangi og fjara við hann. Upp af fjörunni er allstór hellir, sem kallaður var Kálfavallahellir.” Í Sveitum og jörðum segir: „Kálfárvallafjöruhellir, allstór skúti, er við samnefnda fjöru inn af bæ æðilangt.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 32**
**Hlutverk:** Sögn
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Páll Guðmundsson segir: „Upp af Haugum er nokkuð stór hjalli, sem heitir Völvuhjalli, og klettabelti ofan við hann, sem heita Völvuhjallaklettar, og er hjalli þessi kenndur við völvu, sem átti að vera verndarvættur byggðarinnar við Reyðarfjörð.” Samkvæmt Sveitum og jörðum segir: „Völvuhjalli (Völuhjalli á korti liggur skáhallt út og upp allhátt í brekkum út frá Snæfugli, nokkuð jafnlendur innan til, en afleppur utar og ofar … Á Völvuhjalla bjó völvan, hollvættur Reyðarfjarðarbyggðar, sem afstýrði Tyrkjaráninu og grafin er á Hólmahálsi.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 33**
**Hlutverk:** Frásögn
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Á stríðsárunum, í maí 1942, fórst þýsk flugvél um eitt leitið að nóttu til í þoku vestan í Sauðatindi. Kvað við mikil sprenging við áreksturinn og sundraðist vélin og dreifðist víða. Lík áhafnarinnar voru grafin á Reyðarfirði af breska herliðinu, er þar var, en slitrin af vélinni eru enn í fjallinu, m.a. ósprungin sprengja að sögn.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.

**Krossanes 155966 118 - 34**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Milli Kirkjubóls og Krossaness eru landamerki hlaðinn grjótgarður milli fjalls og fjöru, og á hann voru settir tréstaurar með einni gaddavírssnúru og hliðgrind, þar sem göngugata var.”
**Heimildaskrá**
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.

**Krossanes 155966 118 - 35**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Innan undir Länguklöpp var breiða, sem kölluð var Bæjarbót, og upp af henni Skipafjara. Þar voru oft settir upp bátar. Nær bænum var svo Bæjarklöpp, og voru stundum teknar þar á land vörur.” Samkvæmt Örnefnalýsingum Stefáns segir: „Fjaran innan undir Skipaklöpp heitir Skipafjara. Innan undir Skipafjöru er Bæjarklöpp, stundum lending.” Í Sveitum og jörðum segir: „Í Bæjarfjöru innan við Hundasnagann var annað uppsátur í vog í nokkru vari af Bæjarklöpp og Länguklöpp, en hitt utan við klöppina við Eiði ...”

Á örnefnalýsingakortum er Skipafjara merkt inn.

**Heimildaskrá**

Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Krossaness.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 25.

**Krossanes 155966 118 - 36**

**Hlutverk:** Huldufólk
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingum Páls Guðmundssonar segir: „Í túninu inn og upp af bænum var nokkuð stór klettur með hárri þúfu efst, sem oftast var græn að ofan. Klettur þessi var kallaður Fálkaklettur, sennilega af því að á þúfunni sat oft fálki. Þessi klettur líktist að sumu leyti kirkju í lögun, og var talað um, að það myndi vera álfakirkja. Utan í þessum kletti lékum við okkur oft með völur, leggi, kjálka, skeljar o.fl., og uppi á neðri klettinum bjuggum við til hús yfir þennan búpening.”
Stefán Einarsson skrásetjari segir í Örnefnalýsingum sínum: „Hæð er rétt austan við bæ og heitir Einbúi. Norðan við bæ er klettur, sem heitir Álfaborg (eða -kirkja) eða Fálkaklettur eða Hornaklettur, leikvangur barna.”
„Í túninu fyrir ofan bæinn stendur einkennilegur og stór klettur og heitir Fálkaklettur, mikil álfabyggð,” segir Eiríkur Björnsson.
Á örnefnalýsingakortum er Fálkaklettur merktur inn.

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1980.
Páll Guðmundsson: Örnefnaskrá Krossaness. 1990.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Krossaness.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 92.
Örnefnalýsing Krossaness. Blað 1, nr. 15.

**Karlsskáli - 155963-119**

**Saga**

Eyðijörðin Karlsskáli í Reyðarfirði er fyrst nefnd í Manntali árið 1703, skv. Jarðatali Johnsens 1847 er hún í eigu Dvergasteinskirkju en varð bændaeign á síðara hluta 19. aldar þegar Eiríkur Björnsson keypti hana. Hann hafði 50 manns í heimili þegar mest var, stórt landbú, 112-156 sauði, rak árabátaútgerð, jafnan með tvo báta skipaða eigin mönnum, hluti í bátum Færeyinga sem reru frá Karlsskála og gerði út bæði að heiman og frá Seley. Kona hans Sigríður Pálsdóttir var dugleg og ráðdeildarsöm og dætur þeirra giftust athafnamönnum, tvær til Færeyja og ein heima. Niðjar Eiríks bjuggu eftir hann á Karlsskálum en síðast var jörðin í eigu Stefáns Guðnasonar. Hún fór í eyði þegar íbúðarhúsið brann 1961.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Karlsskáli taldist 12 hundruð að dýrleika árið 1845. Hann er á mjóu undirlendi undir Álffjalli. Ofar bæjarbrúnum eru lyngmóafláar, Lyngtær, og upp af bænum liggur

dallægð upp í fjallgarðinn að Sléttaskarði innan við Álffjall. Utar upp af Karlsskáladal er Karlsskálaskarð og má ganga um bæði skörðin til Vöðlavíkur. Fjallið er víðast bratt og hrjóstrugt, undirlendið grösugt en grýtt og óhægt til ræktunar. Haglendi er gott. Ströndin er vogskorin, þaraflúðir úti fyrir og stuttir tangar fram í sjó. Tvö smábýli voru á jörðinni, Kaganes á samnefndum strandklettahöfða, og Kambar í túni. Innri landamörk Karlsskála gegnt Breiðuvík eru um Flesjará innri en ytri mörk gegnt Krossanesi um Merkigil. Norðurbrún fjallseggja skilur lönd Karlsskála og Kirkjubóls.

**Heimildaskrá**

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 374.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 93-4.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 1**
**Hlutverki:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Bæjarhús voru öll úr timbri, þau er fram að hlaði vissu, og öll í samfelldri röð og sneru stöfnum austur og vestur. Fyrst var Smíðahús, lítil bygging og lágreist, en tvær hæðir. Þá kom baðstofa, tvær hæðir, og 4 gluggar á efri hæð og 3 á neðri, þeim megin er að hlaði vissi, en undir staka glugganum var aðalinngangur í bæinn; við tók svo útbær eða stofuhús. Á því miðju voru dyr og 2 gluggar sitt hvorumegin. Utan við það var skúrbygging með hallandi þaki út á við. Að húsabaki baðstofu voru áföst geymsluhús og búr, og fram með þeim göng í Gamlaeldhús. Hins vegar við göngin var Gamlabaðstofa, þá notuð fyrir geymslu. Gamlaeldhús var ekki í notkun, eftir að raflýst var, nema í viðlögum. Samhliða því að vestan var fjós, og var innangengt í það úr eldhúsinu. Bakdyr voru úr því að húsabaki, eins úr fjósi. Þar var og skolprenna út í for, sem var yfirbyggð með rekaviði. Austan við eldhúsið frá Gömlubaðstofu var smákofi, hænsnakofi, inn í jarðvegsbarð, sem þar hafði myndazt og hallaði upp frá húsunum. Þar var og súrheysgryfja. Austast í þyrpingunni var svo Kúahlaða, sem sneri stöfnum austur og vestur. En efsta húsið var útikamar, vel gerður með tveim setum hlið við hlið, eins og nokkurs konar selskapshús.“ „Eitt hús vantar í bæjarþyrpinguna, en það er haughúsið í vestur frá fjósi …“ Samkvæmt teikningu virðast húsin öll meira og minna samföst. Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Tvö gömul stór timburhús sneru hlið að sjó, 2 hæðir, innangengt á milli, húspláss þar fyrir um 40 manns. Þessi hús löskuðust í rosaveðri ’31.“ Á túnakorti Karlsskála virðast vera fjögur hús.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsskála, Helgustaðahreppi.

**Karlsskáli 155963 119 - 2**
**Hlutverki:** Varnargarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Bærinn stóð á milli Stórulágar og Útlágar, sem var rétt utan við bæinn og sveigði til vesturs ofanbæjar. Sú lág var vissulega líka gamall lækjarfarvegur, en ógreinilegri. Ofan við bæjarþyrpinguna hafði einhvern tíma verið byggður varnargarður fyrir flóði úr læknum. Garðurinn náði milli láganna, gerður úr torfi og stórgrýti. Hann lá í boga frá vestri til austurs. Ekki veit ég hvenær sá garður var gerður.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 3**
**Hlutverki:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti Karlsskála virðast vera fimm túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsskála, Helgustaðahreppi.

**Karlsskáli 155963 119 - 4**
**Hlutverki:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti Karlsskála virðast vera fjórir garðar en eitthvað af þeim gætu verið hús, erfitt er að greina á milli á kortinu.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Karlsskála, Helgustaðahreppi.

**Karlsskáli 155963 119 - 5**
**Hlutverki:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti Kaganess virðast vera tveir túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Kaganess, Helgustaðahreppi.

**Karlsskáli 155963 119 - 6**
**Hlutverki:** Túngarður
**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti Kaganess virðast vera tveir túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Kaganess, Helgustaðahreppi.

**Karlsskáli 155963 119 - 7**
**Hlutverki:** Brú
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Þar sem vegurinn lá að Bæjarlæknum, var gerð brú yfir lækinn löngu fyrir tíð Eiríks Björnssonar. Undirviðirnir voru þykkir eikarbitar, líklega skipskjölur, því að í þeim voru stórir járnboltar. Ekki man ég eftir handriði á brúnni. En þegar kerra og heyvagn komu til notkunar, var brúin breikkuð með því að gild rekatré voru lögð samhliða brúnni og auðvitað höggvin áður.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 8**
**Hlutverki:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhætti**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Snemma gerður kerruvegur.“ Ekki sagt hvar vegurinn er.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 9**
**Hlutverki:** Timburhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Bindindisfélag í Reyðarfjarðarhreppi þeim gamla byggði timburhús til samkomuhalds og funda 1897. Byggt úr skipaviðum og öll vinna gefins.“ Ekki sagt hvar.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 10**
**Sérheiti:** Skúrhús
**Hlutverki:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Ofar við lækinn [Bæjarlækinn] og framan hans voru ærhúsin, hétu Skúrhús, og við endann fjallsmegin Skúrhúshlaða. Þetta voru stór fjárhús og tóku margt fé, ég gizka á 80 ær. Útveggir voru hlaðnir úr grjóti og torfi, varla mannhæðarháir, en tré eða timburþil fram að suðurátt með tveim dyrum …“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 11**

**Sérheiti:** Færeyingakofi

**Hlutverki:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Þá er eftir að geta um eitt hús, sem stóð rétt utan við Ræsið, í hæð við efstu bæjarhúsin. Það hét Færeyingakofi og mun í upphafi hafa verið sjóbúð (fyrir sjómenn), en ekki man Eiríkur þá tíð. Í hans tíð var þarna hesthús. Þarna voru tveir básar í hvorum enda og breiður, grunnur flór á milli básanna. Dyrnar voru sjávarmegin. Veggir voru hlaðnir úr grjóti og torfi. Í veggnum á móti dyrunum var útskot í ca. ½ meters hæð og ca. 1 meter á breidd og nær því eins á dýpt inn í vegginn. Þetta útskot var hlaðið innan með grjóti, og í því var steinlagt gólf. Upp úr þessu útskoti var strompur hlaðinn úr grjóti upp á móts við mæni hússins og fráskilinn þakinu.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 12**

**Sérheiti:** Fjárhús

**Hlutverki:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Stekkjahrauni svipaði til Stórakambs í Kömbum, en var hærri og var endi hans niðri á bakka Stekkjarbássins (svo), svo naumt, að fara varð einstigi út á Stekkjatúnið. Þar stóð Fjárhús og hlaða rétt ofan sjávarbakkans. Framan við eða vestan hússins var fjárrétt.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 13**

**Hlutverki:** Hlaða

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Stekkjahrauni svipaði til Stórakambs í Kömbum, en var hærri og var endi hans niðri á bakka Stekkjarbássins svo naumt, að fara varð einstigi út á Stekkatúnið. Þar stóð Fjárhús og hlaða rétt ofan sjávarbakkans. Framan við eða vestan hússins var fjárrétt.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 14**

**Hlutverki:** Fjárrétt

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

„Stekkjahrauni svipaði til Stórakambs í Kömbum, en var hærri og var endi hans niðri á bakka Stekkjarbássins, svo naumt, að fara varð einstigi út á Stekkatúnið. Þar stóð Fjárhús og hlaða rétt ofan sjávarbakkans. Framan við eða vestan hússins var fjárrétt.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 15**

**Hlutverki:** Garður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Rétt fyrir utan lækjarsytruna [sem rennur úr skurði inn á túnið og fram af klettum, líklega stutt frá Fúluvík] var hlaðinn torfgarður til varnar túninu utan frá. Heita mátti, að túnið væir allt afgirt.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 16**

**Sérheiti:** Stöðull

**Hlutverki:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Beint upp af Skúrhúsum, nokkrum föðmum ofar, er stakur klettur, og undir honum vallgróin hleðsla. Það heitir Stöðull. Ekki er að sjá, að margar ær hafi verið í kvíum á þeirri tíð, er kvífé var mjaltað þar, í mesta lagi 25-31 ær.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 17**

**Sérheiti:** Stöðulhús
**Hlutverki:** Lambhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Upp af Stöðlinum stóð eitt fjárhús (lambhús) og hét Stöðulhús. En svæðið ofan við Stöðulinn var stundum kallað Upp á Stöðli.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 18**
**Hlutverki:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að mylla hafi staðið við bæjarlækinn. Í Örnefnalýsingu segir: „Upp með læknum [Bæjarlæknum] utanverðum, á lækjarbakkanum á móts við Skúrhúsin, var Vatnsmyllan. Hún var aldrei notuð í minni Eiríks Björnssonar,  en kvörnin komin heim í bæ og stóð í stokk í búrinu, og þar var malað í henni á stríðsárunum 1914-1918.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 19**
**Hlutverki:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Beint út af myllunni, út á móts við yztu bæjarhúsin, og því nokkru ofar en bærinn, var fjárhús og hlaða, ýmist kallað Lambhús eða Hrútakofi, eftir því til hvers það var notað.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 20**
**Hlutverki:** Reiðgata
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Tröppum og út að Útsniði seytlar vatn í rigningartíð undan brekkunum og fellur í einn farveg niður túnið, og heitir það Ræsi. Þegar kemur niður á móts við bæ, rennur Ræsið eftir Útlág og eftir henni til sjávar. Reiðgatan lá frá bænum upp með Ræsinu og yfir það upp undir Dverghrauni … Frá Ræsinu lá

reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi og þaðan upp Traðir, sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt uppi undir brekkunni.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 21**
**Hlutverki:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Frá Ræsinu lá reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi og þaðan upp Traðir, sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt uppi undir brekkunni.“ „Á túngarðinum er annað hlið, þar fyrir ofan bakkann. Þar inni á túninu stóð Sumarfjósið og hesthús að vetri.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 22**
**Hlutverki:** Hestarétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Ræsinu lá reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi og þaðan upp Traðir, sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt uppi undir brekkunni.“ „Frá Hestarétt var og grjótgarður allt niður á sjávarbakka. Á þeim garði var breitt hlið við réttina, og þar var farið um með heyband. Þar var og reiðgatan, sem lá með brekkugærtinum alla leið út að Halli.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 23**
**Hlutverki:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Hestarétt var og grjótgarður allt niður á sjávarbakka. Á þeim garði var breitt hlið við réttina, og þar var farið um með heyband.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 24**
**Hlutverki:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að sáðgarðar hafi verið 700m2.
Í Örnefnalýsingu segir: „Matjurtagarður var þar fyrir neðan eftir allri húslengdinni[bæjarhúsunum], og girt fyrir neðan hlaðið og umhverfis allan matjurtagarðinn.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 25**
**Hlutverki:** Smiðja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að neðan við reiðgötuna yfir Hraun hafi smiðja staðið, lítið járnklætt hús.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 26**
**Hlutverki:** Rafstöð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að Stöðvarhús eða Rafstöð hafi staðið nálægt Stöðli en raflýsingin kom 1914.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 27**
**Hlutverki:** Smiðja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Þegar komið er yfir brúna á Bæjarlæknum, er fyrst farið hjá Stóruhlöðu, sem stóð rétt ofan við veginn. Þar niður af hét Smiðjugrund allt niður á háan sjávarbakkann, en engin hafði verið þar smiðjan í manna minni.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 28**

**Sérheiti:** Stórahlaða
**Hlutverki:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Þegar komið er yfir brúna á Bæjarlæknum, er fyrst farið hjá Stóruhlöðu, sem stóð rétt ofan við veginn. Þar niður af hét Smiðjugrund allt niður á háan sjávarbakkann, en engin hafði verið þar smiðjan í manna minni.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 29**
**Hlutverki:** Reiðgata
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Utan við Króartanga, á að gizka upp af Bæjarfjöru miðri, er berggangur um mitt tún í átt frá sjó til fjalls og heitir Hraun … Reiðgatan lá yfir það mitt, og varð þar að fara yfir klöpp, og illfært með kerru.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 30**
**Hlutverki:** Timburhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Tvö gömul stór timburhús sneru hlið að sjó, 2 hæðir, innangengt á milli, húspláss þar fyrir um 40 manns. Þessi hús löskuðust í rosaveðri ’31.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 31**
**Hlutverki:** Íshús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Íshús byggt um aldamót á sjávarbakka, aflagt um ’30.“ Í Örnefnalýsingu segir: “Framan lækjar (vestanvert) stóð á bakka Bæjarfjöru Íshús. Það var fyllt snjó og klaka að vetrinum, og var þar geymd beitusíld, meðan síld var aðallega notuð til beitu. Þegar hún hætti að veiðast, var notaður skelfiskur til beitu, og voru þá ekki not fyrir Íshúsið, og er það fyrir löngu horfið, nema þá veggirnir.“
**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 32**
**Hlutverki:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að nokkur gömul útihús hafi enn verið uppistandandi þegar annállinn er gerður en ekki sagt hvar þau hafi verið.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 33**
**Sérheiti:** Kambar
**Hlutverki:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Mestur þeirra [tanganna] er klettahöfðinn Kaganes spöl innan við bæ. Þar var samnefnt afbýli og annað í túni, Kambar. Heimildir eru hér ekki um, hvenær þessi býli byggðust, en a.m.k. Kambar voru grasbýli í sérstakri ábúð og þar jafnan búskapur eftir 1933.“
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar er talað um grasbýli framan við Karlsskála sem hafi heitið Kambar. Í Örnefnalýsingu Eiríks er einnig minnst á Kamba: „Nokkurn spöl utan Túnkambsins og grjótgarðsins koma berggangar langleiðina milli fjalls og fjöru… en þar fyrir utan byrjar hið ræktaða tún, og er þá komið út á móts við Sandbás. Þar í túnjaðrinum stendur býlið Kambar, nokkrum föðmum utan við Yzta klettinn og álíka langt frá reiðgötunni. Fyrstur byggði þar Gunnlaugur Björgólfsson um aldamótin, mun hafa búið þar fram undir 1909…“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.

**Karlsskáli 155963 119 - 34**
**Sérheiti:** Sandbás
**Hlutverki:** Uppsátur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar segir að Sandbás sé beint niður af Kömbum. „Beint niður af Kömbum er Sandbás og Þúfukambur rétt innan við girðingu.“
Í Örnefnalýsingu Eiríks segir: „Innan undir og í skjóli við kambinn [Sandbáskamb] var næst honum sandfjara og lengra frá malarfjara. Þarna heitir Sandbás. Þar var

uppsátur og þótti góð lending, en stutt var upp í háa klettana, en þá lagði náttúran til það breiða rák úr fjörunni á ská upp á bakkann, að þar mátti bjarga minni bát undan brimi. En á bakkanum var fiskhús.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.

**Karlsskáli 155963 119 - 35**
**Hlutverki:** Fiskbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar segir að Sandbás sé beint niður af Kömbum.
Í Örnefnalýsingu Eiríks segir: „Innan undir og í skjóli við kambinn [Sandbáskamb] var næst honum sandfjara og lengra frá malarfjara. Þarna heitir Sandbás. Þar var uppsátur og þótti góð lending ... En á bakkanum var fiskhús“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976.  Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.

**Karlsskáli 155963 119 - 36**
**Hlutverki:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Utan á Eyðisfjöru er klöpp, og er grandinn út í Eyði áframhald af þeirri klöpp, sem gengur lengra inn í landið og verður þar hærri.
Þar er fjara utan við, er heitir Sandbás ytri og er þó mikið stærri en Eyðisfjaran. Danskur maður að nafni Sören Sörensen fann upp á því einhvern tíma um 1920 að gera þarna út og setti þá bátinn í Sandbásinn, en byggði sjóhús í bakkann í Eyðisfjöru og hélt til með konu og barn heima í bæ. En með því að honum var þungur fótur, gerði hann íbúðarhús úr sjóhúsinu og fór það vel úr hendi, en ekki þótti þetta vistlegur staður, sízt fyrir börn.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 37**
**Hlutverki:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingur segir: „Á Löngufjörubökkum og upp með Stórakambi og utan hans var afgirt tún. Þar á sléttri grund nokkru ofan bakkans var stór hringmynduð fjárrétt, mjög vel hlaðin, vel mannhæð á hæð; þar voru sauðir geymdir yfir nóttina, þegar verja þurfti þeim fjöruna og í veðuraftökum."

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 38**
**Hlutverki:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: Við enda Túnkambsins sem er rétt fyrir utan og ofan Þúfukamb …„voru hlaðnir grjótgarðar; að neðan náði sá garður niður á sjávarhamra. Þar var á hlið, og var hægt að fara um það með heyband. Frá efri enda Túnkambsins var hlaðinn grjótgarður upp að brekku að Lambakambi, sem stóð þar framan í (úr) brekkunni allt upp á brún. Þarna var stórgripaheld girðing, að miklu leyti gerð af náttúrunni, því túnkamburinn var bæði langur og breiður og á hæð við Þúfukamb … [Á] efri grjótgarðinum var voldugt hlið úr tilhöggnum viðarstólpum, og yfir því og milli hliðarstólpanna jafnþykkt og vel gert
milliband."

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 39**
**Hlutverki:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir að Stekkjartangi sé út af bæ en þar hafi beitarhús og útróðrastaður Færeyinga verið.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 40**
**Hlutverki:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir að Stekkjartangi sé út af bæ en skammt þaðan er Tangi og í Búskaparannál komi fram að þar hafi stórt sjóhús staðið, tvær hæðir og kjallari.
Í Örnefnalýsingu segir um sjóhúsið: „Frá Sandbás er nafnlaus fjara og klappir út að Stekkjabás fyrir neðan Stekkjahraun, en Stekkjatangi er snertispöl utar … Þar gátu stórir vélbátar lagzt að, og klöppin slétt og greiðfær upp að ganga upp í sjóhús, er stóð efst í tanganum. Eitthvað mun mannshöndin hafa lagað þarna til. Sjóhúsið var á tveim

hæðum og allstórt. Á efri hæðinni var íbúð sjómanna, sem oft var áhöfn tveggja báta. Þarna höfðu Færeyingar uppsátur, frá því ég fyrst man eftir mér og þar til þeir hættu að koma um 1914. Nokkru ofar var uppistandandi tóft eftir svarðarkofa; þar reftu Færeyingar yfir að hluta og elduðu á hlóðum.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 41**

**Hlutverki:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum kemur fram að beitarhús og útróðrastaður Færeyinga hafi verið á Stekkjartanga sem aftur er út af bænum. Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Sandbás er nafnlaus fjara og klappir út að Stekkjabás fyrir neðan Stekkjahraun, en Stekkjatangi er snertispöl utar … Þarna höfðu Færeyingar uppsátur, frá því ég fyrst man eftir mér og þar til þeir hættu að koma um 1914. Nokkru ofar var uppistandandi tóft eftir svarðarkofa; þar reftu Færeyingar yfir að hluta og elduðu á hlóðum.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 42**

**Hlutverki:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: Aðallending var á Tanga eða Króartanga, fram og niður af bæ. „Lendingarnar eru aðeins afdrep og engin örugg fyrir brimróti…“ Í Örnefnalýsingu Stefáns segir að besta höfnin hafi verið innan við Króatangann og sett upp með tanganum. Í Örnefnalýsingu Eiríks segir: „þannig háttaði til allt út að Króartanga, en þar var aðalathafnasvæði við sjóinn. Tanginn er breiður, en gengur ekki langt í sjó út. Út af honum ganga klappir og flúðir alllangt út í sjó, sem flæðir þó yfir, en … innan tangans er bezta höfnin á Karlsskála…“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.

**Karlsskáli 155963 119 - 43**

**Sérheiti:** Efstahús

**Hlutverki:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Á Króartanga var mikil byggð. Efst var fjárhús, hét Efstahús.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 44**
**Sérheiti:** Tangarétt
**Hlutverki:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Á Króartanga var mikil byggð. Efst var fjárhús … Niður af því var stór fjárrétt lögð steingólfi, hét Tangarétt.“

**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 45**
**Sérheiti:** Fremstahús
**Hlutverki:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Á Króartanga var mikil byggð ... Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Yztahús. Af þeim var Miðhús merkilegast … Hin húsin voru til geymslu.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 46**
**Sérheiti:** Miðhús
**Hlutverki:** Geymsla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Á Króartanga var mikil byggð ... Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Yztahús. Af þeim var Miðhús merkilegast. Þar var timburgólf og þiljað innan, að minnsta kosti að miklu leyti. Þar var brædd lifur við gufu í stórum potti, og allmikill tækjabúnaður í kringum það. Hin húsin voru til geymslu.“
**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 47**
**Sérheiti:** Ystahús
**Hlutverki:** Geymsla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Á Króartanga var mikil byggð … Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Yztahús. Af þeim var Miðhús merkilegast … Hin húsin voru til geymslu.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 48**
**Sérheiti:** Úthjallur
**Hlutverki:** Hjallur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Á Króartanga var mikil byggð ... Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Yztahús … Neðan þessara húsa var gangvegurinn á athafnasvæðið. Þar yzt á bakkanum voru lögð stór tré, og var þar hvolft á bátum, sem ekki voru í brúkun, aðallega frá hausti til vors. Þar rétt fyrir framan var Úthjallur, rétt á sjávarbakkanum. Hann var þannig gerður, að veggir voru óvandlega hlaðnir, svo segja mátti, að vindur stæði þar í gegn, en stafnarnir voru gisnir rimlar.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 49**
**Sérheiti:** Gulahúsið
**Hlutverki:** Geymsla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Framar á bakkanum [á Króartanga] stóð voldugasta húsið á tanganum og eina timburhúsið, Gulahúsið. Það var geymsluhús fyrir verkaðan fisk, og á loftinu var geymdur allur matur eða matvara, sem tekin var í stórum skömmtum, vegna ferða eða um leið og fiskur var sóttur frá verzluninni …“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 50**
**Hlutverki:** Fiskbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Fram af Gulahúsi í bakkanum var gryfja fyrir fiskúrgang, sem allur var notaður til áburðar á tún og garða …“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 51**
**Hlutverki:** Fiskbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Fram af Gulahúsi í bakkanum var gryfja fyrir fiskúrgang … þar framar á bakkanum Fiskhús, þar var fiskur saltaður og saltgeymsla.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 52**
**Sérheiti:** Framhjallur
**Hlutverki:** Hjallur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Fram af Gulahúsi í bakkanum var gryfja fyrir fiskúrgang … þar framar á bakkanum Fiskhús … Þar framan við stóð, í svo sem 1 meters fjarlægð, vestasta húsið á Króartanga, Framhjallur. Hann var þannig byggður, að þakið stóð á 3 hlöðnum stólpum hvorum megin, en utan um stólpana voru eikarstoðir, sem héldu stöplunum föstum. Stöplarnir voru ca. 1 meters háir, en risið á þakinu var hátt og stafnar þess með grindum. Þar var aðallega verkaður hákarl … Í Framhjalli var geymdur bátur að vetri, sem alltaf var hægt að grípa til, ef með þurfti. Nú kváðu öll hús vera fallin á tanganum.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 53**
**Hlutverki:** Fiskbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Framan að tanganum [Króartanga] eru lágir moldarbakkar og sums staðar hlaðið grjóti að, en fram af bakkanum var slétt malarfjara. Þar var breiddur og þurrkaður saltfiskur. Yzt í fjöruborðinu voru stórubjörg, sem mynduðu varnargarð, svo fjaran virtist haldast óbreytt frá ári til árs. Vestanvert í tanganum, í tangakrikanum, er hringmynduð skál í klöppina. Var það króin? Þar var kastað upp í fiski, ef rétt stóð á sjó. Helzt var fiski kastað upp á klappir með holum, ekki í fjörur. Þar var fiskurinn hreinni …“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 54**

**Hlutverki:** Naust

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir að naust hafi verið í Króartangabás.

Í Örnefnalýsingur segir: „…innan tangans er allstór og góð fjara undir lækkandi sjávarhömrunum og heitir þar Króartangabás. Innan að honum gengur fram í sjó klöpp eða tangi og skýlir lendingunni í vestanátt. Þarna var hægt að setja upp marga báta hlið við hlið.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 55**

**Hlutverki:** Hákarlaveiði

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir að Hákarlatunga hafi verið á bakkanum upp af Króartangabás en þar hafi hákarl verið verkaður í grófum.

**Heimildaskrá**

Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.

**Karlsskáli 155963 119 - 56**

**Hlutverki:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í Örnefnalýsingu segir: „Þar hallar klöppinni [nafnlaus] einnig út í sjóinn, og smá lækkar því nesið [Kaganes] einnig út í fjörðinn (í suður), en klöppinni hallar allri í suðvestur … Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“

**Heimildaskrá**

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 57**
**Hlutverki:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Þar hallar klöppinni [nafnlaus] einnig út í sjóinn, og smá lækkar því nesið [Kaganes] einnig út í fjörðinn (í suður), en klöppinni hallar allri í suðvestur … Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 58**
**Hlutverki:** Kofi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Sandbás er nafnlaus fjara og klappir út að Stekkjabás fyrir neðan Stekkjahraun, en Stekkjatangi er snertispöl utar … Þarna höfðu Færeyingar uppsátur, frá því ég fyrst man eftir mér og þar til þeir hættu að koma um 1914. Nokkru ofar var uppistandandi tóft eftir svarðarkofa; þar reftu Færeyingar yfir að hluta og elduðu á hlóðum.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 59**
**Hlutverki:** Mógröf
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingur segir: „Frá Mýrdal eru grónar flatir og brekkur allt út fyrir Marteinsmýri. Þær brekkur hækka, er utar dregur, og enda yzt í móbergskletti allháum og bröttum upp af Marteinsmýri utanverðri, þar sem hún er hæst. Fyrir utan hæðina tekur við Selið og hallar þá út af í átt að Bæjarlæk. Niðri við lækinn erudjúpir hvammar, gætu verið fornar svarðargrafir.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 60**

**Hlutverki:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar segir að Vörðubrekka sé skammt utan við Flesjarár og beri við loft heiman frá Karlsskála. Í Örnefnalýsingu Eiríks er vörðunni lýst: „Þar hét Uppi á Vörðubrekkum. Þar á sléttri klöpp var vörðubrot að sjá, að hafi verið allmikið mannvirki. Sagt var, að varðan hafi fyrr meir verið mið í aðrar vörður, Hávörður, inni í Breiðuvíkurlandi og verið innsiglingarmerki inn í Reyðarfjörð, og þá helzt til að forðast Rifsker, skerjagarð út af Hallshraunum alllangt út fjörðinn og koma úr sjó um háfjöru.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 61**
**Sérheiti:** Grettistak
**Hlutverki:** Grettistak
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir frá Grettistaki sem stendur norður af Prjónakletti.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 62**
**Hlutverki:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar er minnst á Sel sem er upp af Kúabotnum.Í Örnefnalýsingu Eiríks segir um selið: „Frá Mýrdal eru grónar flatir og brekkur allt út fyrir Marteinsmýri. Þær brekkur hækka, er utar dregur, og enda yzt í móbergskletti allháum og bröttum upp af Marteinsmýri utanverðri, þar sem hún er hæst. Fyrir utan hæðina tekur við Selið og hallar þá út af í átt að Bæjarlæk … Í Selinueru vallgrónar rústir, að sjá mjög gamlar, á sléttum bala neðarlega í Selinu.“

**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 63**
**Sérheiti:** Framsnið
**Hlutverki:** Vegur

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Vörðubrekku (svo) og allt út að þessum læk eru brekkurnar klettalausar upp á Brýr að heita má. Þó er ljótur og allhár klettur upp af Löngufjörubökkum, en aðeins á stuttum kafla. Utan við lækinn, sem gæti hafa heitið Kambalækur, þótt hann sé spölkorn utan þeirra, er greiðfærust leið upp í fjallið, og var þar ruddur vegur á snið upp brekkuna og heitir Framsnið. Þar var farið með heyband, ef heyjað var í fjalli, og eins með svörð á hestum úr fjalli, meðan það var, og var ágæt leið.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 64**
**Sérheiti:** Heystæði
**Hlutverki:** Heygeymsla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns segir: „Þar utan við [Votaleiti] eru Stekkjatær og Stekkjahjalli, Heystæði og Litlidalur.“ Í Örnefnalýsingu Karlsskála segir: „Dalbotninn [í Karlsskáladal, öðru nafni Dal] var að mestu sléttur. Þar var fyrr meir heyjað, og heyinu kastað í heystæði á þurrum mel, sem við það var kenndur og kallaður Heystæði.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 65**
**Hlutverki:** Reiðgata
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir: „Utan í melhrygginn [nafnlaus en er fyrir utan Hallsleiti] er hvilft, og heitir hún hvarf. Það er aðeins nokkra faðma yfir að fara, en þó alversti og ægilegasti staður á þessum slóðum, aurskriðan snarbrött, og varla möguleiki að ná þar fótfestu eða handfestu, ef út af götunni kom, en hún gat verið tæp, því í hana vildi renna aur ofan úr skriðunni. En alltaf var reynt að moka úr götunni bæði fyrir menn og dýr að sumrinu og á meðan jörð var ófrosin. Umferð var þar mikil, kýr og hestar voru geymd í Skriðunum, því var var allgott haglendi. Meðan búið var á Krossanesi voru þarna reiðgötur.“
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 66**
**Hlutverki:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að á Þeistárbjargi hafi verið hlaðinn grjótgarður upp að fjalli, til varnar geldneyti sem var beitt utan hans.
**Heimildaskrá**
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 67**
**Hlutverki:** Hellir
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu Stefáns segir frá helli nokkrum undir Teitsá. Inni í honum á að vera gat í gegnum fjallið og yfir í Kirkjubólsfjall. Mun köttur hafa komist í gegnum það, allur sviðinn. Í Örnefnalýsingu Eiríks segir einnig af hellinum en hann á að vera undir fossinum í Þeistá sem fellur í sjóinn. Einnig er talað um að inni í honum sé gat í gegnum fjallið og hafi ketti verið sleppt inn í það en hann komið út í helli á Kirkjubóli hálfum mánuði seinna allur sviðinn.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnalýsing Karlsskála.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.

**Munnmæli**
Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar segir frá helli nokkrum undir Teitsá. Inni í honum á að vera gat í gegnum fjallið og yfir í Kirkjubólsfjall. Mun köttur hafa komist í gegnum það, allur sviðinn. Í Örnefnalýsingu Eiríks segir einnig af hellinum en hann á að vera undir fossinum í Þeistá sem fellur í sjóinn. Einnig er talað um að inni í honum sé gat í gegnum fjallið og hafi ketti verið sleppt inn í það en hann komið út í helli á
Kirkjubóli hálfum mánuði seinna allur sviðinn.

**Karlsskáli 155963 119 - 68**
**Sérheiti:** Hallur
**Hlutverki:** Mógröf
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Svarðartekja í miðju fjalli upp af bæ. Svörður geymdur þar í kofum, fluttur (rennt) á stálvír af brún niður á sléttu.“ Í Örnefnalýsingu segir: „Allt þetta svæði frá Hallsleiti og út að Hallsvogum er einu nafni kallað Hallur, en Hallsvogar, þar sem við tekur dálítil undirlendisræma og ofar háar brekkur upp að fjallinu … Hallsvogar náðu út að Teistám eða Þeistám. Í Hallsvogum var síðast tekinn upp svörður í Karlsskálalandi, og á talið, að hann væri

þrotinn gjörsamlega …“ „Þetta mýrarsund [ofan Bjarnamels] er útlendi Svarðarmýrar sem liggur áfram til vesturs og breiðir þar úr sér og er allstór og blaut yfirferðar. Þar var tekinn upp svörður, svo lengi sem Eiríkur man. Hann var fluttur á gestum í hripum á mel, sem lá neðan að mýrinni, kallaður Svarðarmelur, og þurrkaður. Þar á melnum stóð kofi, sem svörðurinn var geymdur í, er hann var þurr. Heim var hann fluttur á hestum, þegar auð var jörð, en að vetrinum á sleðum. En er svarðartekjuna þraut, stóð kofinn eftir.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 94.

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 69**

**Sérheiti:** Karlsskálaskarð

**Hlutverki:** Vegur

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

SJM segir: “Ofar bæjarbrúnum heita lyngmóafláar Lyngtær og upp af bæ liggur dallægð upp í fjallgarðinn að Sléttaskarði innan við Álffjall, en Karlsskálaskarð upp af Karlsskáladal utar og bæði skörðin geng til Vöðlavíkur.”

Í Örnefnalýsingur segir: “Innan við Snæfugl er breitt skarð í fjallgarðinn, og heitir það Karlsskálaskarð. Þar er greið leið yfir bæði gangandi mönnum og ríðandi. Nú er þar fáfarið, en fyrr var oft farið þar um til Vöðlavíkur, og þá helzt að vetrarlagi, til þess að forðast hættur í Skriðunum, en á þessari leið voru engar hættur og ekki villugjarnt. Leiðin lá rétt utan við klettabríkur innarlega í skarðinu, og heita þær Folöld.”

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 70**

**Hlutverki:** Vegur

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í SJM segir: “Þaðan [frá Stekktanga] er skammt út í Karlsskálaskriður með snarbröttum urðum undir þungum klettabrúnum. Skriðurnar voru farnar eftir tæpum götum út í Krossanes. Torfærast var yfir Hallskamb, er gengur í sjó fram. Eina færa gönguleið úr skriðunum upp til fjalls er upp með Teitsá á lyngtær áðurnefndar. Snjóflóðahætta er í skriðunum…”

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.

**Karlsskáli 155963 119 - 71**

**Sérheiti:** Sléttaskarð
**Hlutverki:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í SJM segir: "Ofar bæjarbrúnum heita lyngmóafláar Lyngtær og upp af bæ liggur dallægð upp í fjallgarðinn að Sléttaskarði innan við Álffjall, en Karlsskálaskarð upp af Karlsskáladal utar og bæði skörðin geng til Vöðlavíkur."
Í Örnefnalýsingu segir: "Fyrir innan Álffjallsöxlina er lægð í fjallgarðinn, og er það Sléttuskarð. Að því eru brattar brekkur og klettarið báðum megin, þó er hægt að komast með hest yfir skarðið. Þar var talin styzta leið í Vöðlavík og oft farið þar yfir. Stutt er yfir sjálft skarðið, en vandratað í dimmunni, engin kennileiti, og hengiflug til allra hliða."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu 1978-79.

**Karlsskáli 155963 119 - 72**
**Sérheiti:** Kaganes
**Hlutverki:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Mestur þeirra [tanganna] er klettahöfðinn Kaganes spöl innan við bæ. Þar var samnefnt afbýli og annað í túni, Kambar. Heimildir eru hér ekki um, hvenær þessi býli byggðust, en a.m.k. Kambar voru grasbýli í sérstakri ábúð og þar jafnan búskapur eftir 1933."
Í Örnefnalýsingu segir: „Utan við lágina [Kaganeslág] ofan til á nesinu [Kaganesi] var byggt nýbýli eftir aldamótin. Það byggði Þorleifur Stefánsson (fyrir 1906). Næstur honum kom Jónas Þorleifsson, sem var þar mjög stutt, þá Sæmundur Þorvaldsson …"
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 94.
Eiríkur Björnsson: Örnefnalýsing Karlsskála í Helgustaðahrepp, Suður-Múlasýslu. 1978-79.
Björnsson (f. 1898) skráði 1978-79.

**Litla-Breiðuvík - 155967-120**

**Saga**
Litlu-Breiðuvíkur er getið árið 1504 í vitnisburði um að Árni Snorrason hafi ánafnað klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal jörðina. Árið 1918 verður það bændaeign á ný. Í Litlu-Breiðuvík eru góðar lendingar og um tíma var mikill útróður þaðan og sjóhús. Upp úr aldamótunum var þarna lifrarbræðsla og íshús.

Upp úr 1910 byggði Ungmennafélagið Freyja í Helgustaðahreppi samkomuhús á jörðinni og eftir stríð var reistur herskáli við húsið. Við Hreggjarlæk er grafreitur fríkirkjumanna í Reyðarfirði. Í landi Litlu-Breiðuvíkur er grasbýlið Bjarg. Ásmundur Helgason sjómaður og rithöfundur stofnaði það 1905 og samdi um hagagöngu fyrir eina kú og 40 kindur og uppsátur fyrir einn bát.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var ábúandi einn en jarðardýrleiki sex hundruð og kúgildi eitt.
Á milli Breiðavíkanna eru landarmerkin Teigará.

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 95-97.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 374.
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Litlu-Breiðuvíkur.
Íslenskt fornbréfasafn VII, Hið íslenska bókmenntafélag, Rv. 1903-1907. Bls. 686.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 1**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að baðstofa hafi verið fram yfir 1910.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 2**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá tvo bæi. Timburhús var byggt í tóft á bæjarstæðinu um 1904.
**Heimildaskrá**
Túnakort Litlubreiðuvíkur, Helgustaðahreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 3**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að myllutóttarbrot hafi verið við Silungalæk.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá þrjá túngarða.
**Heimildaskrá**
Túnakort Litlubreiðuvíkur, Helgustaðahreppi.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 5**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá þrjá túngarða.
**Heimildaskrá**
Túnakort Litlubreiðuvíkur, Helgustaðahreppi.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 6**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá þrjá túngarða.
**Heimildaskrá**
Túnakort Litlubreiðuvíkur, Helgustaðahreppi.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 7**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá tvo garða.
**Heimildaskrá**
Túnakort Litlubreiðuvíkur, Helgustaðahreppi.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 8**
**Hlutverk:** Skurður

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir að mikið sé um gamla, handgrafna skurði í túninu því að það sé deiglent.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 9**
**Hlutverk:** Fjárskýli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Fram og niður af bæ er Borgarhólstangi og dregur nafn af grösugri áberandi hæð með rústir af fjárborg á kolli, þaklausu hringmynduðu fjárskýli.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 95-96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 10**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Þá er Borgarhóll, þá Miðklöpp, svo Hlein, þá Höfnin (aðalhöfnin), utan við hana Háklöpp. Þá eru fjörur og þá Hnúanaust.”
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 11**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Flesjará fellur til sjávar, þar sem Reyðarfjarðarströnd gengur lengst til suðurs í fjörðinn og tekur að sveigjast í norðvestur. Þess vegna eru í Litlu Breiðuvík ystu lendingar við norðanverðan fjörðinn, þær sem öruggar geta talist fyrir hafróti, enda var þar á tíma árabáta og lengur margt um útróðramenn og sjóhús.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 95.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 12**
**Hlutverk:** Íshús

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir að úti og niðri á túni hafi Íshóll verið en þar hafi staðið íshús.
Í Sveitum og jörðum segir að þar hafi verið lifrarbræðsla og íshús um aldamótin.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 -1 3**
**Sérheiti:** Ketilhúsastekkur
**Hlutverk:** Beitarhús, stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir að utan við Litlagil og Stóragil sé Ketilbúastekkur en þar eru beitarhús og túnblettur. Í Sveitum og jörðum segir að beitarhús hafi verið í Ketilhúsastekknum frá ómunatíð.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 14**
**Hlutverk:** Grjótgarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að grjótgarður hafi verið við beitarhúsin.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 96.

**Litla-Breiðuvík 155967 120 - 15**
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir að fyrir utan kirkjugarðinn sé nýbýlið Bjarg. Í Sveitum og jörðum segir að Bjarg hafi verið stofnað 1905 af Ásmundi Helgasyni sjómanni og rithöfundi.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 97.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík - 155972-121**

**Saga**

Land býlanna í Stóru-Breiðuvík nær frá Ytri-Teigará og inn að Hrafná. Stóra-Breiðavík er fyrir miðju en umhverfis hana Breiðavíkurhjáleiga (Stóra-Breiðavíkurhjáleiga) og Stekkur (Breiðuvíkurstekkur, Útstekkur). Stóra-Breiðavík var árið 1847 í Hólmakirkjueign en varð síðar ríkiseign. Framan af var tví- og þríbýli á jörðinni en núna er einbýli.

Á tíma einokunarverslunar Dana (1602-1787) var Stóra-Breiðavík verslunarstaður fyrir miðhluta Austurlands og var allt til aldamótanna 1800. Þar þótti ennfremur góð sláturhöfn. Verslunarstöðvarnar voru í núverandi landi Breiðuvíkurstekks, niður af bænum í Stóru-Breiðuvík. Í opinberum skjölum gekk kaupstaðurinn undir nafninu Reyðarfjörður eða Rödefjorden. Kaupsvæðið var ekki alltaf það sama en hefur náð frá Gvendarnesi í suðri að Lagarfljóti og Gilsá í Fljótsdal.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var ábúandi einn en jarðardýrleiki átta hundruð og þrjú og hálft kúgildi. Í búskaparannál 1918 er tvíbýli á jörðinni, tún 4,31 ha., taða 150 hb., úthagi 130 hb., hæfileg áhöfn fjórar kýr, fjórir hestar og 180 fjár. Ítök til skógarhöggs á milli Teigaránna voru gagnkvæm við Hafranes, gegn tveggja kaplagöngu með folöldum í Hafraneslandi. Stóra-Breiðavík á einnig tveggja manna göngu á Krossavíkurvatni, sem er dorgveiðiréttur. Á jörðinni var mikið um rjúpna-, sjófugla-, sel- og hnísuveiðar.

Landamerki við Breiðuvíkurstekk liggja frá grænu dýi utan til í hlíð Eydalafjalls og niður í lækjardrag rétt utan við túnblett frá Stekk, sem kallaður er Kirkja. Hrafná skiptir löndum á milli Helgustaða og Stóru-Breiðuvíkur. Hjáleigulækur skiptir túnum milli Stóru-Breiðuvíkur og Hjáleigu.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 78-80, 101-102.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 374.

Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 1**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: “Eldri hús: Burstabær frá tíð Auðuns Hanssonar. 3 burstir sneru til sjávar. Fremst svok. Timburhús, stofa niðri, geymsluloft, þá bæjardyrahús og þar inngangur til fjóss og 2 uppgöngur í baðstofu yst. Niðri fjós í miðju, en afþiljuð hjónakamers til beggja enda (tvíbýli), uppi skipt í miðju milli heimila, alls um 18 álnir … Bærinn rifinn f. ’10. Sigfús Auðunsson byggði timburhús um 1890. – Fyrst búið á lofti, en eldað í útieldhúsi lausu frá húsinu. Fyrsta vatnsleiðsla hér um slóðir í þetta hús ’10 … Notað til íbúðar framundir ’60.”

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 102.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 2**
**Sérheiti:** Þórðarhúsatún
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Út í túninu heitir neðst Grundarhústún, þar fyrir ofan Þórðarhústún (einsetumaður).“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 3**
**Sérheiti:** Grundarhústún
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Út í túninu heitir neðst Grundarhústún, þar fyrir ofan Þórðarhústún (einsetumaður).“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 4**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að mylla hafi staðið við bæjarlæk.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 102.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 5**
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Garðrækt til heimilis.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 102.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 6**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Ummerki ævagamals sáðgarðs við hlað.“

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 102.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 7**
**Hlutverk:** Brú
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Bæjarlækur rennur niður mitt tún; þar á er steinbrú. Annar lækur [er] utar í túni, Hjáleigulækur; hann skiptir túnum milli Stóru-Breiðuvíkur og Hjáleigu.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 8**
**Sérheiti:** Börðusteinn
**Hlutverk:** Steinn, Frásögn
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Börðusteinn er á hlaði, frá 1872, ferkantaður, aflangur. Afi þess, sem segir, dró steininn heim úr Bæjarlæk með mannafla.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 9**
**Sérheiti:** Seldalur
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Fyrir ofan hálsinn [Seldalsháls] er Seldalur. Miðja vega í dalnum er sjónarhraunsmelur. Ofan við miðjan dal eru Seltættur.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 10**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Grákollur er skrautsteinaparadís, en illkleifur með stykkjum. Um Grákollsskarð utan við fjallið var oft farið milli Stóru Breiðuvíkur og Hellisfjarðar.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af

**Stóra-Breiðuvík 155972 121 - 11**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
**„**Fyrir utan ána [Kerlingará] er Garðaklif og Garðavík, þá Smalaþúfa, Innri-Teigará og Ytri-Teigará.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga – 155977- 122**

**Saga**
Jörðin Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga var upphaflega hjáleiga frá Stóru-Breiðuvík. Hún var komin í byggð fyrir 1703 og var Hólmakirkjueign framan af en síðar bændaeign. Í landi Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu voru tvær hjáleigur, önnur hét Garðar og var á milli Teigarár og heimabæjar en hin hét Hjáleigueyri og var við sjó niður undan túni. Hjáleigueyri varð til um 1880 þegar Norðmenn fengu að reisa síldarhús á sjávareyrinni við Kerlingará. Eftir það bjuggu þar ýmsir og höfðu lífsviðurværi af sjósókn. Lengi vel var farskóli í Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 var jarðardýrleiki Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu fjögur hundruð, kúgildi engin og ábúandi einn. Búskaparskilyrði þóttu ágæt, gott undirlendi, sumarhagar og fjörubeit en sjórinn mikið stundaður meðfram búskap.
Ytri-Teigará skilur á milli Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu og Litlu-Breiðuvíkur en víkurnar takmarkast af Stekksmel og Borgarhóli.

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 98-100.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kh. 1847. Bls. 375.
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 1**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Eldri hús: … Fyrir aldamót byggt tvílyft timburhús í tótt á 3 vegu … Rifið ’15 og nýtt byggt …“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af

Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 2**
**Hlutverk:** Brú
**Tegund:** Heimild
**Lengdi:** 8 m
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir:“Þá byrjar hjáleigutún. Í því er Illugabrekka og Illugabrekkuhóll. Innan við bæinn er steinbrú á Hjáleigulæk.”
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 3**
**Hlutverk:** Lambhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að Lambhústún sé fyrir ofan bæ í Hjáleigu.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 4**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að Ærhústún sé fyrir ofan bæ í Hjáleigu.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 5**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum er talað um gamlan túngarð í Búskaparannál.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 6**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum er talað um fjósbaðstofu frá 19. öld í Búskaparannál.

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 7**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að í Litla-hjalla séu fjárhús og túnblettur. Litli-hjalli er við Barð sem er við Króklækjargil.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.
**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 8**
**Sérheiti:** Garðar
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að frá Króklæk og að Innri-Teigará séu beitarhús niðri við sjó. Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að beitarhús séu ennþá á Görðum.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 9**
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að fyrir ofan Gunnumýri séu Sellönd með tóttarbrotum. Í Sveitum og jörðum er talað um að rústir, sem líklega eru af seli, séu í Sellöndum, um fjórðungshæð í fjalli.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 10**
**Hlutverk:** Mótekja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að mótekja hafi verið í Djúpubotnum á milli Teigaránna.
**Heimildaskrá**

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 11**
**Sérheiti:** Garðar
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Afbýli hafa tvö verið í landi S. Olavius getur Garða. Býlið var miðja vegu milli Ytri Teigarár og heimabæjar, og eru þar nokkur örnefni, sem á það minna, Garðar, Garðsmýri og Garðaháls.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 12**
**Sérheiti:** Hjáleigueyri
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Afbýli hafa tvö verið í landi S. Olavius getur Garða. Býlið var miðja vegu milli Ytri Teigarár og heimabæjar … Hitt býlið kallaðist Hjáleigueyri og var við sjó niður undan túni. Það var til seint á 19. öld, sennilega um eða upp úr 1880 með þeim hætti, að Norðmenn fengu að reisa síldarhús á sjávareyrinni við Kerlingará. Eftir þeirra vist fékk þar inni Magnús Magnússon og fékk eyrina til ræktunar og hagbeit fyrir eina kú.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 13**
**Sérheiti:** Hjáleigueyri
**Hlutverk:** Síldarútgerð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Afbýli hafa tvö verið í landi S. Olavius getur Garða. Býlið var miðja vegu milli Ytri Teigarár og heimabæjar … Hitt býlið kallaðist Hjáleigueyri og var við sjó niður undan túni. Það var til seint á 19. öld, sennilega um eða upp úr 1880 með þeim hætti, að Norðmenn fengu að reisa síldarhús á sjávareyrinni við Kerlingará. Eftir þeirra vist fékk þar inni Magnús Magnússon og fékk eyrina til ræktunar og hagbeit fyrir eina kú.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 99.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 14**
**Hlutverk:** Fiskbyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Útveginum fylgdu sjóhús (fyrir salt og verkaðan fisk) og hjallar, og í S var bátanaust gamalt grafið inn í bakka ofan við sjógang.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 100.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 15**
**Hlutverk:** Hjallur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum er talað um hjalla í Búskaparannál.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 100.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 16**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum er talað um gamalt bátanaust í Búskaparannál, sem á að vera grafið inn í bakka ofan við sjógang.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Ármann Halldórsson ritstýrði. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, 1976. Bls. 100.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 17**
**Sérheiti:** Kvíabólsvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að Kvíabólsvað sé yfir Kerlingarána rétt ofan við bæinn.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 18**

**Sérheiti:** Víkurvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að ofan við Kvíabólsvað á Kerlingaránni sé Víkurvað en þar var gamli vegurinn til Vöðlavíkur.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga 155977 122 - 19**
**Sérheiti:** Kvíabólsvað
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingu segir að Kvíabólsvað sé yfir Kerlingarána rétt ofan við bæinn.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskráning Stóru-Breiðuvíkur.

**Helgustaðir - 155956-124**

**Saga**
Helgistaðir heitir jörðin í bréfi árið 1497 og ein þeirra sem Björn Guðnason fær í skiptum fyrir jarðir sem Ragnhildur kvinna hans. Helgustaðir eru síðan nefndir í Manntali 1703. Rúmri öld síðar bjó þar Þórður Thorlacius, sýslumaður 1800-1813, ásamt frú sinni Gythu Howits frá Amager sem Íslendingar kölluðu Gyðu Thorlacius. Hún flutti á Helgustaði 1804 og voru þeir í hennar tíð kallaðir Gyttuborg. Jörðin var bændaeign að 3/4 hlutum skv. Jarðatali Johnsens 1847 en 1/4 hluta átti Múlasýsla. Síðar varð hún ríkiseign.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Fjallsbrekkur á Helgustöðum liggja í sjó fram og landið neðra er mishæðótt, grýtt og hraunótt upp fyrir Bæjarbrún. Ofar er grösugra með fjalldrapa, grávíði, birki og lyngi, mikið um aðalbláber. Engjar voru í mýrarbrekkum, greiðfærar og samfelldar, grasgefnar og heygóðar. Landið er frjótt en ræktunarskilyrði þó erfið, jarðvegur grunnur, grýttur og brattur. Árið 1904 skemmdust útihús og þriðjungur túns af aurblönduðu snjóflóði. Á Helgustöðum lifðu menn jafnt á gögnum lands og sjávar og útræði var frá Helgustaðaeyri. Helgustaðaland nær frá Hrafná og með hjáleigunni Sigmundarhúsum út að fornum farvegi Goðár skammt utan Sellátra. Nytja- og hefðarmörk Helgustaða og Sigmundarhúsa eru þó við Stóralæk skammt austan hjáleigunnar. Kóngspartur hét önnur hjáleiga í landi Helgustaða milli Stóralækjar og Kóngspartslækjar, talin hafa verið konungseign fyrrum.

**Heimildaskrá**
Íslenzkt fornbréfasafn VII. Rvk. 1903-1907. Bls. 369.

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 1**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Um aldamót timburhús og torfbær.“ Á túnakorti eru líklega 3 eða 4 hús á jörðinni.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Helgustaða, Helgustaðahreppi.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 107.

**Helgustaðir 155956 124 - 2**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Enn í gildi grjótgarður frá 1900-’10 utan við tún.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 3**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Álagablettur
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Garðrækt talsverð á fyrri hluta aldarinnar og kartöflusala.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti er túngarður á jörðinni.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Helgustaða, Helgustaðahreppi.

**Helgustaðir 155956 124 - 5**
**Sérheiti:** Helgahóll
**Hlutverk:** Kuml
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Bæði Helgasker og Helgahóll eru talin kennd við Helga, sem byggði Helgustaði. - Hóllinn er svo sem 7-8 mínútna gangur fyrir ofan bæ. Í hólnum á Helgi að vera grafinn í skipi sínu (lítil skipslögun). Moldarflag er neðst í hólnum. Sagt er, að þegar menn grófu í hólinn, hafi mönnum sýnzt bærinn standa í björtu báli.“ Í lýsingu með Stekk (Útstekk, Breiðarvíkurstekk) er þessu einnig lýst: „Utan við það [Framtúnið] er Grafningur, og utan við hann er hólahryggur, og neðst heitir Strýtuhóll, grænn og sléttur. Á honum er kollur og þúfa; munnmæli segja, að hóllinn sé víkingaskip, þúfan sé aftur mastrið.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Útstekks.

**Helgustaðir 155956 124 - 6**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Árið 1904 skemmdist um þriðjungur túnsins illa af aurblönduðu snjóflóði, sem einnig braut hlöðu og fjárhús, myllukofa og hjall og drap 9 kindur,“ segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 7**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Árið 1904 skemmdist um þriðjungur túnsins illa af aurblönduðu snjóflóði, sem einnig braut hlöðu og fjárhús, myllukofa og hjall og drap 9 kindur,“ segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 8**
**Hlutverk:** Hjallur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

„Árið 1904 skemmdist um þriðjungur túnsins illa af aurblönduðu snjóflóði, sem einnig braut hlöðu og fjárhús, myllukofa og hjall og drap 9 kindur,“ segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 9**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að skurður hafi verið á milli Stóralækjar og Stekkjalækjar og að líklega hafi staðið mylla við skurðinn: „Árið 1904 skemmdist um þriðjungur túnsins illa af aurblönduðu snjóflóði, sem einnig braut hlöðu og fjárhús, myllukofa og hjall og drap 9 kindur.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 10**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti er ein rétt.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Helgustaða, Helgustaðahreppi

**Helgustaðir 155956 124 - 11**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru einn eða tveir kálgarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Helgustaða, Helgustaðahreppi

**Helgustaðir 155956 124 - 12**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Rétt fyrir utan Stóralæk upp af fjöru er hraun, sem heitir Strýtuhraun. Þar upp af eru gróðurlítil melaleiti, sem heita Stekkjarholt; þau ná upp undir Hámel.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 13**

**Sérheiti:** Kóngspartur
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá stendur „Fremst í túninu er Kóngspartur út að Kóngspartalæk, sem rennur innan við húsið. Efst í Kóngsparti á túni heitir Kvíaból. Húsið stendur utan við lækinn.“ Í Sveitum og jörðum: „Kóngspartur áðurnefndur var fyrr fremur hjáleiga en venjulegt grasbýli og átti kóngur land frá fjöru til fjalls milli Stóralækjar og Kóngspartslækjar. Bærinn stóð skammt upp af sjó innan við H og í svipaðri hæðarlínu. Síðasti ábúandi þar var Andrés Runólfsson. Landamörk voru aðeins nytjamörk, sbr. Sigmundarhús, og er Kóngsparturinn nú að fullu sameinaður Helgustöðum.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 14**
**Sérheiti:** Gyðuborg
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Kóngspartstúnið er nú orðið áfast heimatúni og timburhúsið Gyðuborg, bústaður Þórðar sýslumanns og Gyðu, byggt 1804, er talið hafa staðið á núverandi bæjarstæði. Nú er ekki eyfi eftir af því og eigi heldur af frægum matjurtagörðum dönsku sýslumannsfrúarinnar … Uppdráttur af húsinu og umhverfinu er í endurminningabók Gyðu.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 15**
**Sérheiti:** Gyttugarður
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Utan við húsið [Kvíaból] heitir Gyttugarður eftir sýslumannsfrú, sem hafði hér garð fyrst manna á Austfjörðum. Upp af garðinum heitir Einarshóll eftir Einari Loftssyni, sem sléttaði hólinn.“ „Kóngspartstúnið er nú orðið áfast heimatúni og timburhúsið Gyðuborg, bústaður Þórðar sýslumanns og Gyðu, byggt 1804, er talið hafa staðið á núverandi bæjarstæði. Nú er ekki eyfi eftir af því og eigi heldur af frægum matjurtagörðum dönsku sýslumannsfrúarinnar, sem eiga hafa numið dagsláttu að stærð og urðu tilefni verðlauna danska landbúnaðarfélagsins. Uppdráttur af húsinu og umhverfinu er í endurminningabók Gyðu,“ segir í Sveitum og jörðum.
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 16**
**Sérheiti:** Fjárhúsgrund
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þar utan við [Einarshól sem er uppi á Gyttugarði] er smálækur, sem heitir Ærhúsalækur, en hann kemur úr Fjósagili ... Fyrir utan lækinn standa fjárhúsin, þau standa á Fjárhúsagrund. Niður af þeim heitir Gil, myndað af Helgustaðaá. Neðst í Gilinu er Hesthúsgrund.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 17**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þar utan við [Einarshól sem er uppi á Gyttugarði] er smálækur, sem heitir Ærhúsalækur, en hann kemur úr Fjósagili.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 18**
**Sérheiti:** Hesthúsgrund
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þar utan við [Einarshól sem er uppi á Gyttugarði] er smálækur, sem heitir Ærhúsalækur ... Fyrir utan lækinn standa fjárhúsin, þau standa á Fjárhúsagrund. Niður af þeim heitir Gil, myndað af Helgustaðaá. Neðst í Gilinu er Hesthúsgrund.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 19**
**Sérheiti:** Ból
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Milli Fjósagils og Helgustaðaár heita Ból, efri og neðri. Við árgilið yzt í Bólunum eru tvær þúfur, Efri- og Neðri- Hrafnaþúfur.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 20**
**Sérheiti:** Selhólar
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Upp af þeim (Bólum) eru Selhólabrýr, upp á þeim Selhólar (rústir). Ofan við hólana er Selhólagrjót.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 21**
**Sérheiti:** Gamli-Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Neðarlega fyrir utan Helgustaðaá heita Melar út að Krókgili. Á þeim melum er Gamli-Stekkur.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 22**
**Sérheiti:** Nautavað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Neðarlega fyrir utan Helgustaðaá heita Melar út að Krókgili. Á þeim melum er Gamli-Stekkur. Fram úr honum er vað á ánni, sem heitir Nautavað.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 23**
**Sérheiti:** Neðri- og efri Bolabrekkur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Upp af Gamla-Stekk heita Neðri- og Efri-Bolabrekkur. Innan við Bolabrekkur er Njólagil í Helgustaðaá.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 24**
**Hlutverk:** Torfskurður

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Ofan við dalbrún [Helgustaðadals] og utan við á er grashvammur, kallaður Hvammur. Þar upp af er Svarðarmelur; út af honum eru Mýrabotnar. Þar var svörður tekinn.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.

**Helgustaðir 155956 124 - 25**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Efst í dalnum [Helgustaðadal] er Skarðsbrekka, og upp á henni er Skarðshjalli, og upp úr dalnum er Helgustaðaskarð. Þarna var fjölfarin leið til Hellisfjarðar. Fara mátti líka Helgustaðaskarð og Op í Oddsdal. Opið er á milli Lakahnausskletta og Granafells. Þetta var stysta leiðin. Milli Glámsaugnatinds og Háhryggs er Glámsaugnaskarð. Svo eru Hrafnaskörð á milli Háhryggs og Grákolls.“ Í Sveitum og jörðum: „Helgustaðanöfn eru alvanaleg, m.a. Helgustaðaskarð upp af Helgustaðadal, þar og um Glámsaugnaskarð eru vegarslóðar fornir til Hellisfjarðar af þeim leiðum gagnvegur skammur um Op til Oddsdals. (Op mun vera Norðfjarðarmegin).“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa og Helgustaða.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 26**
**Hlutverk:** Útræði
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Með sjó skiptast á klappir og malarfjörur. Útræði er frá Helgustaðaeyri.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 27**
**Hlutverk:** Skurður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að skurður hafi verið á milli Stóralækjar og  Stekkjalækjar sem var grafinn fyrir löngu.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 28**
**Hlutverk:** Fjárrétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Almenningur í fjárrétt í landareign mjög gamall.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 29**
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Beitarhús á Stekkum tveim í landareign fyrr, en ekki nánar kunnugt um þau.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976: 105-6.

**Helgustaðir 155956 124 - 30**
**Sérheiti:** Helgustaðanáma
**Hlutverk:** Silfurbergsnáma
**Tegund:** Náma/tóftir
**Lega:** N65°02’02’’/V13°51’15’’



Horft inn Reyðarfjörð frá efri námunn. Ljósmynd: Jóhann Zoëga.

**Sögulegt ágrip:**
Helgustaðanáman er í landi Helgustaða í Helgustaðahreppi, uppi í hlíð við Eskifjörð norðanverðan. Þar er að finna eina bestu silfurbergsnámu veraldar og þótti silfurbergið úr henni sérlega tært. Bergið úr námunni fór bæði á söfn og var einnig notað í hverskyns nákvæmnistæki s.s. smásjár. Árið 1668 sendi Friðrik konungur þriðji danskan steinhöggvara til Íslands sem starfa skyldi við silfurbergstöku í Helgustaðanámu til að afla fagurra og fágætra steina. Silfuberg hefur því verið sótt í námuna að minnsta kosti frá 17. öld. Fyrst var öllum frjálst að sækja þangað berg en um miðja 19. öldina var byrjað að selja hana á leigu. Náman var nytjuð fram eftir fyrri hluta 20. aldarinnar.[9]

**Lýsing**
Námusvæðin eru tvö, það efra mun vera eldra og er þar nokkurskonar opin hringlaga geil í fjallshlíðina, námumunninn vísar til suðurs. Austan hennar rennur svokallaður Silfurlækur en milli hans og námunnar eru grjót- og torfhlaðin kofatóft og slétt flöt e.t.v. undan hjalli. Þessar minjar tilheyra líklegast eldra skeiði námurekstrarins. Ofan efri námunnar er grjóthleðsla fyrir Silfurlæk sem veitt hefur honum austur fyrir námasvæðið. Framan og austan við efri námamunnan eru seinni tíma minjar frá silfurbergsvinnslunni, steinsteyptur húsgrunnur og hluti af mótor sem knúði myllu.

Neðri náman eru námugöng, um 10 m á lengd og 1,5 m á hæð og um 3 m þar sem þau er breiðust. Þessi námugöngu munu hafa verið gerð snemma á 20. öldinni. Inni í þeim er grjóthlaðinn og steyptur veggur sem liggur meðfram austurhlið ganganna (N65°02’00’’/V13°51’23’’)

**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)

**Helgustaðir 155956 124 - 31**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Lega:** N65°02’01’’ V13°51’15’’

[9] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. bls. 81.


Hlaðin tóft á eystri bakka efri námunnar. Ljósmynd: Jóhann Zoëga

**Staðhættir**
Um fimm metrum austan við austurbrún efri námunnar er tóft hlaðin úr torfi og grjóti, grafin inn í hlíðina að hluta. Hún er 4 x 2 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Hlaðnir veggir hafa verið á þrjá vegu en tréþil til suðurs. Hleðsla stendur vel um 1 m þar sem hún er þykkust og um 1 m hæst.

Aftan við og þvert á tóftina er sléttur flötur um 5 m að lengd og um 4 m á breidd. Einföld grjótröð er við útbrún svæðisins. Líklega undirstöður undan timburbyggingu eða hjalli.

**Helgustaðir 155956 124 - 32**
**Tegund:** Hleðsla
**Lega:** N65°02’03’’ V13°51’10’’

Hlaðið hefur verið fyrir svokallaðan Silfurlæk sem að runnið hefur niður í efri námuna. Læknum hefur verið veitt austur fyrir námurnar. Hleðslan er úr stórgrýti, um 2 m há og 5 m löng.
**Helgustaðir 155956 124 - 33**
**Hlutverk:** Námuvinnsla
**Tegund:** Húsgrunnur
**Lega:** N65°02’00’’ V13°51’23’’

Rétt austan, framan, efri gangnamunnans er steyptur grunnur undan húsi. Steypt gólfplata ligur nna-ssv. Steypt hefur verið ofan á grjóthleðslu. Enn sést timbur og járn í grunninum. Þvert aftan við steyptan grunn, steypt gólfplata og veggir undan húsi. Mesta þykkt 15 cm, hæð 50 cm. Steypt upp við klett 5 m austan við efri gangnamunnann, 8 m vestan við Silfurlæk.

Við na horn steypta grunnsins er steypt undirstaða undir mótor sem knúði myllu. Framan við mótorinn er járngrind yfir stokki um 4 m langa, 30 cm á breidd.

**Sigmundarhús - 155970-125**

**Saga**

Jörðin Sigmundarhús í Reyðarfirði var hjáleiga frá Helgustöðum, fyrst getið í Manntölum árin 1703 og 1816 en ekkert vitað um Sigmund sem húsin eru kennd við. Þegar Jarðatal Johnsens var gert 1847 bjó einn leigjandi á jörðinni.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Í túninu eru Skútuhólar neðri og efri og stendur bærinn á þeim síðarnefnda. Strákastykki heitir þar sem bræðurnir Andrés og Björgólfur Runólfssynir börðu þúfnakolla fyrir aldamót, Bárðar- og Þorláksenni eru í bröttum brekkum ofan túns en uppi í brekkunni Stóribotn og þar um þriggja hektara ræktunarspilda. Nokkru ofar er Hjalli, gróinn efra og þar slægjur. Á jörðinni er lítið um bera mela og hún fremur gróðursæl og góð til ræktunar. Beitiland er þröngt, gott að sumri en vetrarbeit síðri og snjóþungt. Kvistland er uppi í fjalli en fjörubeit lítil. Beitilandi og fjörum er óskipt við Helgustaði og einungis nytjamörk á milli slægjulanda og túna. Efst í landinu upp af Helgustaðafjalli er Sellátratindur og hallar frá honum til sjávar en undirhlíðar enda með klettalengjum við sjó. Í Goðavík skammt utan við jörðina Sellátra er lendingarstaður og útræði og hefur búskapur jarðarinnar löngum stuðst við sjósókn.
Mörk eru um fornan farveg Goðár sem fellur í sæ í Goðavík og Stóralæk utan túnsins á Sigmundarhúsum.

**Heimildaskrá**

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
Manntal á Íslandi 1816. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði. Rvk. 1974.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 108.

**Sigmundarhús 155970 125 - 1**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Á túnakorti sjást þrjú hús. Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Torfbær til 1909, þá byggt timburhús 5 x 5 m á hæð og ris, 4 herb. og eldhús, þetta hús stofn í núv. húsi.[Ath. hvort sé stafrétt eða þurfi að leiðrétta.“

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sigmundarhúsa, Helgustaðahreppi
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 2**
**Hlutverk:** Garður
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Enn mótar fyrir ferhyrndum garði 700-800 m2 við gamla bæjarstæðið ... Ábúandi vill ganga úr skugga um minjagildi garðsins og hróflar ekki við honum.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 3**

**Hlutverk:** Holræsi

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Enn mótar fyrir ferhyrndum garði 700-800 m2 við gamla bæjarstæðið. Undir honum virðist vera holræsi, og kemur vatn úr ræsisopi um 1 m undir garðsléttunni.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 4**

**Sérheiti:** Gamlatún

**Hlutverk:** Túngarður

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Enn mótar sums staðar fyrir mjög jarðsokknum túngarði í gamlatúni, óvíst um aldur hans.“ Á túnakorti sést einn túngarður.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

Helgi Gíslason: Túnakort Sigmundarhúsa, Helgustaðahreppi.

**Sigmundarhús 155970 125 - 5**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Sáðgarður 3 hektarar.“

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 6**

**Hlutverk:** Garður

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Á túnakorti sést einn garður.

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sigmundarhúsa, Helgustaðahreppi.

**Sigmundarhús 155970 125 -7**

**Sérheiti:** Hjáleiguklöpp

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá stendur: „Utan við Goðavíkina er klöpp, sem heitir Hjáleiguklöpp. Hjáleigulækur er innan við klöppina.“ Í Sveitum og jörðum segir að um 50 m breið rein meðfram Hjáleigulæk heiti Hjáleiga. Mannvistarleifar hafa þar fundist við jarðvinnslu, en engar eru sagnir um býli. Hugsanlegt er að bærinn hafi staðið þar sem hjáleiga frá Helgustöðum endur fyrir löngu og síðan verið færður á „húsið“.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Sigmundarhús og Helgustaði
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 8**
**Hlutverk:** Útræði
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Undirhlíðar enda við sjó frammi og að mestu samfelldar klettalengjur með sjónum, nema Goðavíkin innst í landinu, þar sem Goðáin fellur á sæ út.  Þar í víkinni er eini lendingarstaður í landareign og útræði frá ómunatíð.“
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sigmundarhús 155970 125 - 9**
**Sérheiti:** Skútuhóll
**Hlutverk:** Útræði
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Í túninu, þar sem húsið stendur, heitir Efri-Skútuhóll. Neðri Skútuhóll er þar rétt niður af húsunum í stefnu á Hundasnagann.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá.

**Sigmundarhús 155970 125 - 10**
**Sérheiti:** Hjallhús
**Hlutverk:** Beitarhús
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Hjallahúsatættur eru upp af þeim og Efri- og Neðri-Fossar í Stóralæk; upp af þeim eru Fossabrýr, fossarnir í Stóralæk.“ Í Sveitum og jörðum stendur: „Ofan við botninn [Stórabotn] er Hjalli, gróinn efra og þar slægjur og Hjallahúsatótt, líklega af beitarhúsum, á hjallabrúninni.“
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Sigmundarhúsa
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 108

**Sellátrar  - 155969-126**

**Saga**
Sellátrar í Reyðarfirði koma fyrir í fornbréfum og eru árið 1497 meðal jarða sem Björn Guðnason hlýtur í skiptum fyrir jarðir sem renna til Ragnhildar konu hans, en þremur árum síðar gefur hann jörðina „allsmektugum guði og klaustrinu á Skriðu". Sellátrar eru síðan nefndir í Manntalinu 1703 og enn í eigu klaustursins þegar Jarðatal Johnsens var gert 1847. Einn ábúandi var á jörðinni. Sellátrar komust í bændaeign um 1910.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Nafnið Sellátrar mun dregið af staksteinum í sjónum fram undan jörðinni. Bærinn stendur hátt en Sellátrar eru hluti sæbrattrar klettastrandar við norðanverðan Reyðarfjörð. Hlíðar ganga í sjó fram og landið allt er bratt, mishæðótt og lækjum skorið, undirlendi lítið, mýrar og lyngbrekkur. Svarðartekja og slægjur voru í botnum mishátt uppi í fjalli og torsóttar, þær helstu þar sem heita Botnar ofan Botnabrúna í fjallinu og á Ennum ofan bæjar. Beitiland er gott en ræktunarskilyrði lítil. Túnið takmarkast af klettum, grjóti og sjó en Sellátrabændur hafa nytjað Svínaskálastekk frá 1936 og fá þaðan um 6/11 hluta heygangs. Merki Sellátra liggja að utan við Goðá og neðst upp frá sjónum við fornan farveg hennar en að innan gegnt hjáleigunni Högnastöðum við Hellisá.

**Heimildaskrá**
Íslenzkt fornbréfasafn VII. Rvk. 1903-1907. Bls. 369, 491.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109-111.

**Sellátrar 155969 126 - 1**
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Eldri hús: Timburhús um aldamót og fjósbaðstofa að baki, þar sem hlaða stendur nú."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 111.

**Sellátrar 155969 126 - 2**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: "Smá spöl fyrir ofan húsið mun hafa verið fjárrétt lengi vel, eða stekkur, og mun þaðan vera komið nafnið Stekkalækur, seinna Hvammslækur, bæjarlækur í Hvammi. Þar er líka Stekkavík við sjóinn, og nær hún frá Klifi, út að meltanga sem heitir Goðatangi." Í Sveitum og jörðum segir: "Utar er grasbýlið Hvammur í aflíðandi halli, stendur á bakkahorni sæbröttu upp af Klifi. Fjárrétt var skammt upp af."

**Heimildaskrá**

Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 3**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti eru líklega tveir túngarðar.

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sellátra, Helgustaðahreppi.

**Sellátrar 155969 126 - 4**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti eru líklega tveir túngarðar.

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sellátra, Helgustaðahreppi.

**Sellátrar 155969 126 - 5**

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti eru líklega 3-4 bæjarhús.

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sellátra, Helgustaðahreppi.

**Sellátrar 155969 126 - 6**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti eru líklega 1-2 sáðgarðar.

**Heimildaskrá**

Helgi Gíslason: Túnakort Sellátra, Helgustaðahreppi.

**Sellátrar 155969 126 - 7**

**Hlutverk:** Mylla

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Tvær vatnsmyllur voru á Sellátrum, stóðu þær við Stóra-læk, sennilega inn og upp af núverandi rafstöð. Þá segir Guðni Jónsson, að sér hafi verið sagt einnig, að vindmylla hafi staðið á Hrauninu, og má þar sjá grjóthrúgu, eins og af mannavöldum."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 8**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Tvær vatnsmyllur voru á Sellátrum, stóðu þær við Stóra-læk, sennilega inn og upp af núverandi rafstöð. Þá segir Guðni Jónsson, að sér hafi verið sagt einnig, að vindmylla hafi staðið á Hrauninu, og má þar sjá grjóthrúgu, eins og af mannavöldum." Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Tóttarbrot framan við Stóralæk, talin eftir myllu. Ummerki eftir og munnmæli um vindmyllu á Hraunum upp af Hvammi."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 9**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá er talað um Hesthúsklett sem er úti í efra horninu í Eiríksstykki.
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 10**
**Sérheiti:** Gamli-garður
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Ofan við þjóðveg, utan við Gilið, er Gamli-garður (yngra nafn), ræktaður smáblettur upp úr kartöflugarði."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 11**
**Sérheiti:** Gvendarbrunnur

**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá er talað um smá uppsprettu sem heitir Gvendarbrunnur. Hún er utan við Gilið í Naustinu og kemur þar undan kletti.
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 12**
**Hlutverk:** Selveiði
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Stórir steinar eru úti fyrir fjöru á Sellátrum. Sagt var, að selskutlar hafi verið festir ofan í steinana, og gengu á hol í selina, þegar þeir lágu og bökuðu sig í sólskini. Gott er fyrir seli að liggja á steinunum.”Í Sveitum og jörðum segir um steinana: „Bæjarheiti mun dregið af staksteinum nokkrum í sjó framundan bænum. Væntanlega hafa urtur kæpt þar, en af því fara nú ekki sögur.”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 13**
**Sérheiti:** Sellátrakambur
**Hlutverk:** Frásögn
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Skammt þar fyrir utan [klappirnar] er þunnur klettakambur … Gengur hann fram úr bökkunum, það langt, að sjór gengur upp að honum á flóði, er hann nefndur Sellátrakambur. Vildu menn síður ganga fram hjá honum í myrkri.” Í Sveitum og jörðum segir: „Spöl utan við kambinn var bryggja við svonefnda Klöpp og sjóhús upp af, meðan mótorbátur var gerður út frá Sellátrakömbum. Gengt er framan við Kambinn og oft farið fyrir tíma bílanna, en vont þótti að lenda þar í myrkri, því að eitthvað óhreint kvað vera þar á vakki.”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 -14**
**Hlutverk:** Bryggja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá og Sveitum og jörðum segir að utan við kambinn hafir verið bryggja við svokallaða Klöpp og sjóhús þar upp af á meðan mótorbátur var gerður út frá Sellátrum.

**Heimildaskrá**

Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 15**
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: "Klöpp heitir klapparhorn dálítið, utar með sjónum. Var þar bryggja og sjóhús uppaf, á meðan að mótorbátur var gerður út frá Sellátrum." Í Sveitum og jörðum segir: "Spöl utan við kambinn var bryggja við svonefnda Klöpp og sjóhús upp af, meðan mótorbátur var gerður út frá S[ellátrum – sjá einnig að framan].?"

**Heimildaskrá**

Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 16**
**Sérheiti:** Kofi
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá segir: „Annað grasbýli var hér en Hvammur, var það í daglegu tali nefnt Kofi. Sést enn tóft þar sem það stóð, neðst í bletti, sem kallaður er Kofatún, þýfður og grjótugur bali, var sleginn fram um 1960, en síðan notaður sem kúanátthagi. Einnig er talað um kofann í Sveitum og jörðum: „Grasbýli eru tvö nefnd frá Sellátrum. Framan og neðan við klappabálkinn Hraun um 300-400 m út af bæ, stóð Kofi. Þar bjuggu fyrir aldamótin Jóhannes Árnason og Gunnhildur Björnsdóttir, höfðu landsnytjar af litlum bletti, Kofatúni, en lifðu aðallega af sjávarafla, áttu bát. „Kofinn" var lítið torfbaðstofugrey."

**Heimildaskrá**

Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Munnmæli**

Kofinn var af gárungum nefndur Paradís. Bóndinn hét Jóhannes, giftur systur Eiríks á Karlaskála [svo]. Bónda þótti býlið gott, og líkaði sambýlið vel. Kofatún liggur út að áðurnefndu Hrauni ofan við veg.

**Sellátrar 155969 126 - 17**
**Sérheiti:** Hvammur
**Hlutverk:** Hjáleiga

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá og Sveitum og jörðum segir að Hvammur standi á sæbröttu bakkahorni upp af Klifi.
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi 109, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 18**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Upp undir brekkum á Ennunum, inn við Bæjarlæk, eru tveir stórir steinar, nefnast þeir Helgahús. Nokkuð út og up[p] af þeim er þriðji steinninn með nafni, er það Hvíldarsteinn, skagar hann fram í gamla götu, sem farin var til að sækja svörð, og borinn var á hryggnum, hvíldu menn sig þá við þennan stein."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 19**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Ytrasnið heitir staður utar, þar sem gata liggur úr Kúabotni, út og upp á Botnabrúnir."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 20**
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Vestast í túni er Kvíagil, alveg niður við fjöru, og rennur Kvíalækur um það. Efst í túninu rennur lækurinn utan girðingar, en þar inni í túninu er Kvíaklettur, annar af tveim í túninu."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.

**Sellátrar 155969 126 - 21**
**Hlutverk:** Frásögn
**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir innan og ofan bæ, eru tveir stórir steinar sitt hvoru megin við Bæjarlæk, -sem rennur rétt innan við bæinn-, og hefur ekki verið hróflað við þeim, vegna þess, að búálfar (tomtenissen) hafi þarna bækistöð sína, karl og kerling. Karl býr í steininum, sem fjær er bæ. Steinarnir eru nafnlausir. Þetta er ný sögn."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
**Munnmæli**
Í Örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir innan og ofan bæ, eru tveir stórir steinar sitt hvoru megin við Bæjarlæk, -sem rennur rétt innan við bæinn-, og hefur ekki verið hróflað við þeim, vegna þess, að búálfar (tomtenissen) hafi þarna bækistöð sína, karl og kerling. Karl býr í steininum, sem fjær er bæ. Steinarnir eru nafnlausir. Þetta er ný sögn."

**Sellátrar 155969 126 - 22**
**Hlutverk:** Íshús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Um 1908: Páll Jónsson byggði íshús skammt upp af Naustum. Þar geymd beita, aðallega síld. Páll gerði út mótorbát."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 111.

**Sellátrar 155969 126 - 23**
**Hlutverk:** Mótekja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá H.J. segir: „Nokkuð þar ofan við kemur Vegahnúkur. Það er all hár melhnúkur með klettaruðningi að neðan og utan, (austan). Hann afmarkast að innan, (vestan) af Hellisá, en að utan af Vegahnúksbugt, sem er sveigur upp með hnúknum, og dálítið út með fjallinu, sem er fyrir ofan en það er Sellátratindur. Í Vegahnúksbugt var svarðartekja (mótekja) og sæmilegar engjar." Í Sveitum og jörðum segir: „Bæjarlækur rennur um svarðargrafir rétt ofan við Botnabrúnir. Svarðarmelur er utan við þær grafir, og á honum er stór steinn, og blasir melurinn og steinninn við hér að heiman. Var svörður þurrkaður á þeim mel. Farið var um Ytrasnið til svarðartekju á þeim stað, og einnig á engjar í Útbotnum."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 109.

**Sellátrar 155969 126 - 24**
**Hlutverk:** Reiðgata

**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá Hermanns Jónssonar segir: „Nokkuð þar ofan við kemur Vegahnúkur. Það er all hár melhnúkur með klettaruðningi að neðan og utan, (austan). Hann afmarkast að innan, (vestan) af Hellisá, en að utan af Vegahnúksbugt, sem er sveigur upp með hnúknum, og dálítið út með fjallinu, sem er fyrir ofan en það er Sellátratindur … Um Vegahnúk er farið, þegar farið er gangandi eða á hesti frá Sellátrum til Oddskarðs.” „Inn undir Stóralæk, í brekkunni neðan í Botnabrúnum, er gömul hestagata, inn og upp, og heitir staðurinn Fremrasnið. Var sú leið farin frá Sellátrum, bæði til Norðfjarðar, og til svarðartekju í Vegahnúksbugt, og á engjar þar. Byrjar gatan í Sniðinu í grasivaxinni dálítið langri lág, og kallast hún Sláttulág.” Í Sveitum og jörðum er einnig talað um reiðgötuna: „… götutroðningarnir Fremrasnið neðan í Botnabrúnum áleiðis til Oddskarðs, og að svarðargröfunum í Vegahnúksbukt hátt í fjalli, gatan Ytrasnið upp á Botnabrúnir, svarðar- og engjaleið í Botna undir Sellátratindi …”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Sellátra 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 111.

**Högnastaðir - 155960 127**

**Saga**
Samkvæmt Jarðatali Johnsens (bls. 375) munu Högnastaðir áður fyrr hafa verið hjáleiga frá Sellátrum. Búið var á býlinu þegar manntalið 1703 var gert. Nú er jörðin í einkaeigu. Tvö afbýli voru frá jörðinni, Högnastaðastekkur og Gvendarkirkja. Býlið fór úr ábúð 1970.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Í Sveitum og jörðum segir (bls. 112) “Jörðin er landlítil, góð beitijörð, en ræktunarskilyrði í óhægara lagi.” Tún utan Ljósár voru brattlend. Aðalengjar voru á hjalla upp af bænum, þurrar og heygóðar en slægir blettir víða í fjalli.
**Heimildaskrá**
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 375.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi, Ármann Halldórsson ritstjóri, 1976. (Sjm)

**Högnastaðir 155960 127 - 1**
**Hlutverk:** Bæjarstæði
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Eldri hús: Timburhús frá tíð Halldórs Árnasonar, kjallari, hæð og rishæð, niðri stofa, eldhús og gangur, 3 herb. upp. Brann ’30 og þá byggt steinhús.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.

**Högnastaðir 155960 127 - 2**
**Sérheiti:** Gvendarkirkja
**Hlutverk:** Býli/kirkja
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrir utan Merkigilsós er fjara, Framsandur, og utan við hana Gvendarkirkja, tangi beint á móti Biskupshöfða. Gvendarkirkjuhorn skagar lengst í sjó. Á Högnastöðum er sagt, að Gvendur góði hafi vígt kirkjuna og forðað hlaupum, sem eru tíð bæði fyrir utan og innan hana. Halldór Árnason, bóndi á Högnastöðum, gizkaði á, að samband væri milli tangans og Biskupshöfða. Guðmundur biskup hefði komið við á báðum."
Í Sveitum og jörðum segir: „Neðan við veginn var býlið Högnastaðastekkur, útvegsbýli með afarlitla grasnyt, og annað álíka býli líklega ævagamalt. Það hét Gvendarkirkja, og á þar að hafa verið Gvendarbrunnur, týndur nú. Munnmæli eru um, að Guðmundur biskup hafi á sinni tíð vígt staðinn fyrir skriðuhlaupum. Gvendarkirkja er á eina skriðustaðnum í landinu, Ljósárgili, óljósar rústir með kyrrum kjörum."
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Högnastaði, Sellátra (Sellátur).
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.

**Högnastaðir 155960 127 - 3**
**Sérheiti:** Högnastaðastekkur
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir: „Þjóðvegurinn liggur þvert um land niðri undir fjöru, þar sem landareign er tæpan 1 km á breidd. Neðan við veginn var býlið Högnastaðastekkur, útvegsbýli með afarlitla grasnyt, og annað álíka býli líklega ævagamalt. Það hét Gvendarkirkja, og á þar að hafa verið Gvendarbrunnur, týndur nú. Munnmæli eru um, að Guðmundur biskup hafi á sinni tíð vígt staðinn fyrir skriðuhlaupum. Gvendarkirkja er á eina skriðustaðnum í landinu, Ljósárgili, óljósar rústir með kyrrum kjörum, en rústirnar af Stekk útmáðar."
„Snjólög eru mikil í austanátt, en skriðuhlaup aðeins í Ljósárgili, þar sem vígsla Guðmundar góða helst í gildi enn," segir jafnframt í Sveitum og jörðum.
Samkvæmt örnefnalýsingum var Högnastaðaklif fyrir utan Gvendarkirkju. Þar fyrir utan Hellisá, landamerkjalækur milli Högnastaða og Sellátra (hún myndar Helliseyri), og upp af Helliseyri Högnastaðastekkur.
Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Afbýli Högnastaðastekkur, lóð 0,64 ha. … [U]ppskera úr sáðgarði 6 tunnur. Byggingar þar timburhús í tótt og hlöðubora."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Högnastaði, Sellátra (Sellátur).

**Högnastaðir 155960 127 - 4**
**Sérheiti:**Gvendarbrunnur
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Við Gvendarkirkju á að hafa verið Gvendarbrunnur, týndur nú. Munnmæli eru um, að Guðmundur biskup hafi á sinni tíð vígt staðinn fyrir skriðuhlaupum. Gvendarkirkja er á eina skriðustaðnum í landinu, Ljósárgili, óljósar rústir með kyrrum kjörum, en rústirnar af Stekk útmáðar."
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.

**Högnastaðir 155960 127 - 5**
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti sjást líklega tvö hús.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Högnastaðastekks, Helgustaðahreppi.

**Högnastaðir 155960 127 - 6**
**Hlutverk:**
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er einn túngarður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Högnastaðastekks, Helgustaðahreppi.

**Högnastaðir 155960 127 - 7**
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti sést líklega einn garður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Högnastaðastekks, Helgustaðahreppi.

**Högnastaðir 155960 127 - 8**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Á túnakorti er vegur sem endar í slóða heim að bæ.

**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Högnastaðastekks, Helgustaðahreppi.

**Högnastaðir 155960 127 - 9**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Á túni heitir Úthóll og Framhóll, hlaup á milli. Kvíalækur er fyrir framan tún. Fjárhústungur og Fjóstún. Fyrir neðan Úthól er Árnastykki.”
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Högnastaði, Sellátra (Sellátur).

**Högnastaðir 155960 127 - 10**
**Hlutverk:** Bygging
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Örnefnalýsingum segir: „Fossvellir eru þarna, byggingar fyrir ofan tún.”
**Heimildaskrá**
Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Högnastaði, Sellátra (Sellátur).

**Högnastaðir 155960 127 - 11**
**Hlutverk:** Skurður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Nokkuð um handgrafna skurði.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.
**Högnastaðir 155960 127 - 12**
**Hlutverk:** Garðrækt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Garðrækt til heimilis.”
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.

**Högnastaðir 155960 127 - 13**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**

Fyrir utan Gvendarkirkju er Högnastaðaklif. Þar fyrir utan er Hellisá, landamerkjalækur milli Högnastaða og Sellátra (hún myndar Helliseyri).

**Heimildaskrá**

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá fyrir Högnastaði, Sellátra (Sellátur).

**Högnastaðir 155960 127 - 14**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Gamalt: Túngarður umhverfis allt gamlatún, talinn hlaðinn á s.hl. 19. aldar.”

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 112.

**Svínaskálastekkur - 155975-129**

**Saga**

Jörðin heitir Svínaskálastekkur og yngra nafni Innstekkur en er í daglegu tali nefnd Stekkur. Hún byggðist skv. Manntali fyrst árið 1703. Skv. Jarðatali Johnsens bjó þar einn leigjandi árið 1847 en einnig var stundum tvíbýli og jafnvel þríbýli. Landkostir dugðu þó ekki til að framfleyta svo mörgu fólki. Túnið stórskemmdist af skriðuhlaupum 1935 og árið eftir fluttust ábúendur á Sellátra. Nýbýlið Engjabakki var stofnað í landi Stekks árið 1945 en að öðru leyti er hann nytjaður frá Sellátrum og áfram í eigu bænda þar.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Útræði og sjóföng voru jafnvel í ríkara mæli en annars staðar í byggðarlaginu undirstaða afkomunnar hér. Svínaskálastekkur og Svínaskáli höfðu sameiginlegan strandrétt, þ.e. reka og landshlut af síldarlásum, en fjörubeit var skipt. Land Svínaskálastekks er spilda frá sjó og upp að Svartafjalli innan við Oddskarð, um 1 km á breidd út og fram við sjó, en gengur í odd upp að fjallinu, þar sem lönd Högnastaða og Svínaskála koma saman. Landið er bratt frá fjöru til fjalls, miðlungi vel gróið, hlíðar ristar mörgum hlaupgjörnum lækjum, en niðri við sjóinn mýrlendi utan til í landinu og mýra- og melagróður ríkjandi í óræktuðu landi. Tún var lítið, jarðgrunnt og snögglent, engjar nokkrir mýrarblettir hátt í fjalli og undirlendisskák utan við bæ þar sem nú er ræktað svonefnt Engi og Engjabakki meðfram sjónum. Mörk við Högnastaði eru lína úr Merkigilsósi í Ljósárfoss og síðan Ljósá til fjalls, en við Svínaskála um eftirtaldar markavörður: Á. Leiti við sjó, - á Stekkshnaus í fjalli, - á Sandskeiðsmel, - við foss innan við Litladal. Mörk óljós efst í fjalli.

**Heimildaskrá**

Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Bls. 113-14.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 1**

**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þórólfslækurinn rennur innan við Holtin. Nokkru innar er svo annar lækur, Bæjarlækurinn á Stekk, en á milli lækjanna eru Mýri neðst, þá kemur Flatatún sem nær langleiðina upp á móts við fjárhústætturnar áðurnefndu, en ofarlega í Flatatúni stóð íbúðarhúsið á Stekk, en beint inn af tóftunum var eitt sinn kofi sem búið var í, stóð hann í núverandi mörkum Flatatúns og Valdimarstúns, sem er efsta stykkið á milli lækjanna."
Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Hús: Torfbær til fram um 1910. Þá byggt timburhús. Skv. F '72 er þar nú aðeins hlaða 80 m3."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 – 2**
**Sérheiti:** Þórólfshús/Beckshús
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Við notum stekksána til viðmiðunar, en hún rennur í gegnum gamla túnið á Stekk. Innan við ána, eða vestan við hana, er Tunga, nær hún neðan frá sjó, upp að túngarði, og beygir inn ofan við Þórólfsgarð, þar inn að aurhlaupi. Margbýli var þá á Stekk, og stóð hús Þórólfs innan við, inn og niður hornið á þessum garði, sem var kartöflugarður hans. Í Þórólfshúsi, sem þá var nefnt Beckshús eftir ábúendunum, fæddist Ríkarð Beck prófessor. Á þessum stað eru nú aðeins fjárhústættur eftir." Í Sveitum og jörðum segir: „Í Þórólfshúsi svokölluðu bjó um aldamót maður að nafni Þórólfur Pétursson, en áður Hans Beck og bróðir hans Þorvaldur og húsið þá nefnt Beckshús. Þar fæddist Richard Beck prófessor."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 3**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Hvammur er innan við Hlaupið. Smá mýri er inn og niður af honum, og er innan við efsta horn á túni. Kúabotn er smá hvammur aðeins inn og upp af innra horni í Hvamminum, en Stakiklettur er einstakur klettur út og upp af Kúabotni."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 4**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Við notum stekksána til viðmiðunar, en hún rennur í gegnum gamla túnið á Stekk. Innan við ána, eða vestan við hana, er Tunga, nær hún neðan frá sjó, upp að túngarði, og beygir inn ofan við Þórólfsgarð, þar inn aðaurhlaupi. Margbýli var þá á Stekk, og stóð hús Þórólfs innan við, inn og niður hornið á þessum garði, sem var kartöflugarður hans.”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 5**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þórólfslækurinn rennur innan við Holtin. Nokkru innar er svo annar lækur, Bæjarlækurinn á Stekk, en á milli lækjanna eru Mýri neðst, þá kemur Flatatún sem nær langleiðina upp á móts við fjárhústætturnar áðurnefndu, en ofarlega í Flatatúni stóð íbúðarhúsið á Stekk, en beint inn af tóftunum var eitt sinn kofi sem búið var í ...”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 6**
**Hlutverk:** Kofi, bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þórólfslækurinn rennur innan við Holtin. Nokkru innar er svo annar lækur, Bæjarlækurinn á Stekk, en á milli lækjanna eru Mýri neðst, þá kemur Flatatún sem nær langleiðina upp á móts við fjárhústætturnar áðurnefndu, en ofarlega í Flatatúni stóð íbúðarhúsið á Stekk, en beint inn af tóftunum var eitt sinn kofi sem búið var í, stóð hann í núverandi mörkum Flatatúns og Valdimarstúns, sem er efsta stykkið á milli lækjanna.”
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 7**
**Hlutverk:** Gata
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Í neðri enda, og innri parti Flatatúns var Grundin, afmarkaðist hún þar af sjávargötunni heim að Stekk, en nú er þetta einu nafni nefnt Flatatún.”
**Heimildaskrá**

Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 8**
**Sérheiti:** Hnúta
**Hlutverk:** Sauðahús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Innan við Bæjarlæk, inn við girðingu er efst Hnútutún, dró það nafn af sauðakofa þar, sem Hnúta hét, en það þóttu víst hnútar áhlöðnum veggjunum."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 9**
**Hlutverk:** Lambhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Fyrir neðan Hnútutún er Mýri, og enn neðar kemur Efra-Lambhústún og Neðra-Lambústún.
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 10**
**Hlutverk:** Braggi, bústaður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
„Þar fyrir neðan [Hnútutún] er svo Mýri, og enn neðar kemur Efra-Lambhústún og Neðra-Lambústún, en innst og neðst er svo Braggatún, dró það nafn af bragga, íbúðarhúsi sem stóð rétt innan við, og var notað viðvíkjandi hvalstöð sem stóð á þessu svæði áður fyr."
**Heimildaskrá**
Hermann Jónsson: Örnefnaskrá Svínaskálastekks 1975.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 11**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að sáðgarður sé 0,38 ha.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 – 12**
**Hlutverk:** Lokræsi
**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að lokræsi sé 180 m.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 13**
**Hlutverk:** Girðing
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál að túngirðing sé 640 m (grjót, torf, gaddavír).
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 14**
**Hlutverk:** Grjóthleðsla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1920 að hlaðinn grjótgarður sé um tún.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 15**
**Hlutverk:** Nátthagi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1920 að torfgarður sé um nátthaga en horfinn.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 16**
**Hlutverk:** Lokræsi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál eftir 1920 að handgrafin lokræsi séu 300 - 400 m.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. 1976. Bls. 114.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 17**
**Hlutverk:** Trjárækt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti er einn trjágarður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 18**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru líklega þrír túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 19**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru líklega þrír túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 20**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti eru líklega þrír túngarðar.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 21**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti er líklega einn kálgarður.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

**Svínaskálastekkur 155975 129 - 22**
**Hlutverk:** Vegur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti liggja líklega tveir slóðar yfir aðaltúnið.
**Heimildaskrá**
Helgi Gíslason: Túnakort Svínaskálastekks.

